



Vinnukonur í þjóðsögum Jóns Árnasonar

Dagbjört Torfadóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í þjóðfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Vinnukonur í þjóðsögum Jóns Árnasonar

Dagbjört Torfadóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í þjóðfræði

Leiðbeinandi: Kristinn Schram

Félags- og mannvísindadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Október 2016

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í þjóðfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Dagbjört Torfadóttir 2016

Hafnarfjörður, Ísland 2016

Útdráttur

Í þessari BA-ritgerð eru skoðaðar birtingarmyndir vinnukvenna (griðkvenna) í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, bókum I og III. Rannsóknarsaga sagna er skoðuð og rýnt í umhverfi sagna í íslensku (alþjóðlegu) samhengi. Sagt frá tilurð þjóðsagna Jóns Árnasonar og greint nokkuð frá umfjöllun um þjóðsögurnar bæði fyrr og nú. Íslenska bændasamfélagið á 19. öld er skoðað og greint sérstaklega frá grunnþáttum sem varða sagnir, þ.e. boðskap kirkjunnar og þjóðtrúarhugmyndum. Þær sagnir sem liggja ritgerðinni til grundvallar eru goðfræðisögur, draugasögur og galdrasögur, þar sem vinnukonur (griðkonur) koma við sögu. Birtingarmynd vinnukonunnar er síðan greind út frá hugmyndum Ulf Palmenfelts um þau hlutverk sem þeim eru gefin af frásagnaraðilum. Hlutverkin gefa til kynna þær hugmyndir og viðhorf sem ætla má að fólk á 19. öld hafi haft um vinnukonur. Vísbendingar eru um lífshætti og viðhorf, sem falla að skilgreingu samtímans á þjóðlífi 19. aldar á Íslandi. Það kemur fram að vinnukonur voru undir sterkum aga, þar sem boðskapur kirkjunnar og þjóðtrúin settu þeim þröngan ramma um hegðun og viðhorf.

Efnisyfirlit

Útdráttur	1
Inngangur	3
1. Þjóðsögur	5
<i>1.1. Sagnir</i>	5
<i>1.2. Umhverfi sagna og mikilvægi þess</i>	8
<i>1.3. Jón Árnason og þjóðsögurnar</i>	10
2. Íslenskt samfélag	13
<i>2.1. Bændasamfélag 19. aldar</i>	13
<i>2.2. Innra skipulag og áhrifaþættir</i>	15
2.2.1. Kirkjan	17
2.2.2. Þjóðtrúin	18
3. Hlutverk vinnukonunnar	20
<i>3.1. Sagnir um vinnukonur</i>	21
<i>3.2. Kenning Palmenfelts um hlutverk</i>	22
3.2.1. Goðfræðisögurnar	25
3.2.2. Draugasögurnar	27
3.2.3. Galdrasögurnar	28
4. Birtingarmyndir vinnukonunnar eru fjölbreytilegar	31
<i>4.1. Vinnukonan sem hetja eða fórnarlamb</i>	32
4.1.1. Birtingarmyndir hetjunnar	33
4.1.2. Birtingarmyndir fórnarlamba	37
Lokaorð	43
Heimildaskrá	45
Viðauki	47

Inngangur

Vinnukonur 19. aldar á Íslandi voru ekki skýrt afmarkaður hópur en ótvírætt mikilvægur þáttur í því fastmótaða samfélagi sem íslenska bændasamfélagið var. Breytingar og þróun til framfara voru hægar og voru vinnukonur lágt settar launalega og mjög háðar húsbændum sínum á grundvelli laga og reglna þar um. Nú á 21. öldinni, þegar fleiri en nokkru sinni fyrr í veraldarsögunni hafa möguleika á að láta rödd sína heyrast, sem er nýtt fyrir ýmsa valdaminni hópa í samfélaginu, sýnist það ekki úr vegi að gefa gaum að lífi þessara löngu horfðu kvenna. Hvað sem öðru líður eru þær þjóðingarmikill hópur í skilningi þjóðfræðinnar og gegna jafnvel sérstöku hlutverki í þjóðarsögunni.

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri, elsta skráða safn þjóðsagna á Íslandi, voru fyrst gefnar út 1862-1864 og voru merkilegt framtak Jóns Árnasonar og annarra sem að því unnu. Þar var mörgu bjargað frá gleymsku, meðal annars um sýn á það líf og samfélag sem vinnukonur 19. aldar tilheyrðu. Í sögunum birtast margvíslegar myndir af lífsbaráttu og hugmyndum fólksins, sem á öldinni byggði líf sitt á frumstæðum landbúnaði og sjósókn í harðbýlu landi, þar sem lífsbjörgin kostaði þrotlausa vinnu. Erfiðisvinna var hlutskipti flestra og vinnukonur voru einn hlekkurinn í því lífi sem lifað var. Fræðimenn hafa á síðustu áratugum lagt áherslu á að safna saman, flokka og nýta skráðar heimildir úr fortíðinni til að fá gleggri sýn á þá lífsbaráttu, sem er nú flestum framandi. Óhætt er að segja að vinnan og viðhorfið til hennar hafi á 19. öldinni verið mjög mótandi afl í samfélaginu en þar með er auðvitað ekki öll sagan sögð.

Þjóðfræðin sem vísindagrein hefur verið lagt mikla áherslu á að skoða og rannsaka þann þjóðararf, sem á uppruna sinn í munnlegri hefð þjóðsagnanna, ekki síst til að skilja betur lífshætti fyrri alda. Hér verður rýnt í þennan sagnaheim, með því að skoða íslenskar sagnir, skráðar á 19. öld, sem fjalla að einhverju leyti um vinnukonur. Við lestur fjölda sagna í safni Jóns Árnasonar kemur í ljós að vinnukonur koma oft við sögu en eru ekki endilega í aðalhlutverki. Það má því spyrja hvort þær sögur eigi erindi í umfjöllunina. En því verður að svara játandi, þar sem viðvera eða staða á „hliðarlínunni“ sýnir að þær voru mikilvægur vinnukraftur. Þær störfuðu á flestum ef ekki öllum sveitabæjum og voru gjaldgengar til hverskonar starfa, að minnsta kosti á þurru landi.

Til athugunar voru því teknar flestar þær sögur úr Þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar sem nefna vinnukonur á nafn. Sagnirnar þar sem vinnukonur koma fyrir tilheyra langflestur þremur flokkum, sem eru: goðfræðisögur, draugasögur og galdrasögur en þeim tiltölulega fáu sögnum sem flokkast annarsstaðar sleppt. Rannsóknaraðferðin felst í því að flokka sagnirnar samkvæmt greiningaraðferð Ulf Palmenfelt, prófessors í Þjóðfræði við Uppsala-háskóla, sem hefur gert skilgreiningaramma, sem auðveldar túlkun sagna. Hún byggir á því að greina á milli stöðu (character) þátttakanda og þess hvaða hlutverki (role) þeir gegna í sögninni, með tilliti til annarra þátttakanda. Hinn skilgreindi þátttakandi getur hugsanlega gegnt fleiri en einu hlutverki innan sömu sagnar en hér er valin sú einfaldaða leið, að flokka efir því hlutverki sem tilheyrir kjarna frásagnarinnar.

Fyrsti kafli verkefnisins fjallar um söfnunar- og rannsóknarsögu sagna, samhengi þeirra við rannsóknarefnið og síðast Jón Árnason og verkið sjálft: aðdraganda þess, söfnun og drepnið á síðari tíma viðhorf til Þjóðsagnasafns hans. Í öðrum kafla er bakgrunnur rannsóknarefnisins kannaður, þ.e. íslenska bændasamfélagið á 19. öld en þar eiga sagnirnar uppruna sinn en litið er á svið atburðanna sem þýðingarmikinn þátt, sem ekki er hægt að undanskilja, þegar fjallað er um sagnaefni. Í þriðja kafla er gerð grein fyrir hlutverkagreiningu Palmenfelts og síðan er henni beitt á sagnirnar og tilgreind þau hlutverk sem vinnukonan er talin uppfylla í hverri sögn. Fjórði kafli á síðan að sýna fram á það sem lesa má úr hlutverkunum, hvernig þau falla að þeim raunveruleika, sem vinnukonur búa við. En kenningar í Þjóðfræði um sagnir gera ráð fyrir að þarna ríki samræmi.

Stærð og afkoma sveitaheimilanna var ólík, þar skipti mestu máli hvort um sjálfseignarbónda var að ræða eða leiguliða og hver stærð jarðarinnar var og hlunnindi. Þó þessi munur hafi haft mikil áhrif á starf og stöðu vinnukvanna þá er hann ekki viðfangsefni verkefnisins, heldur er sjónum beint að því hlutverki sem þær takast á hendur í hverju tilviki. Rannsóknarspurningin er því hver sé birtingarmynd vinnukvanna í íslenskum sögnum í Þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar, sem skráðar voru á 19. öld og hvort og þá hvernig, sú birtingarmynd endurspeglir reynslu þeirra og veruleika.

1. Þjóðsögur

Í þjóðsagnaútgáfu Jóns Árnasonar er sögunum skipt í þjóðsögur (sagnir) og ævintýri. Þó þessir flokkar eigi það sameiginlegt að tilheyra gömlum sögum sem sagðar voru þegar prentað mál hafði enn ekki haldið innreið sína, þá var frá upphafi ljóst að á þeim var grundvallarmunur. Fræðimaðurinn Timothy R. Tangherlini¹ fjallar um þennan mun í bókinni *Interpreting Legend* og segir muninn á þeim liggja í mismunandi formi og sýn á raunveruleikann. Í ævintýrum (folktale) gerist sagan í einum heimi og staðsetning getur verið hvar sem er (commonplace) en sagnir (legends) byggja á trúverðugleika. Þær gerast í heimi sem er nálægur þeim sem þátttakendur búa í, eða í hefðbundnu samfélagi. Þetta trúverðuga innra landslag sagnanna ljær þeim áreiðanleika í augum bæði frásagnarmanns og áheyranda, sem er grundvallaratriði fyrir þann sem segir frá. Þar sem þetta verkefni byggir á sögnum (legends) verður því fyrst og fremst fjallað um þær hér á eftir.

1.1. Sagnir

Íslenskar sagnir má líklega rekja allt aftur til upphafs Íslandsbyggðar, því á Íslandi eins allsstaðar og alltaf hafa verið sagðar sögur. Landnámsmennirnir tóku með sér norrænan og keltneskan hugmyndaheim og löguðu hann að nýjum heimkynnum. Enginn þekkir þó upphaf sagnanna, hvað þá umfang. Jón Árnason segir um munnmælasögunar, að ekkert sé vitað hve gamlar þær séu sumar hverjar.² En nýr áhugi og skilningur varð til á þessum arfi með vexti þjóðernishreyfinga í Evrópu í lok 18. aldar. Þessar hugmyndir bárust til Íslands og farið var að meta allt „þjóðlegt“ sem mikilvæga auðlegð, sem styrkti meðvitund fólksins í landinu um tilverurétt sinn sem sérstakrar þjóðar en viðhorf upplýsingarinnar hafði verið að hafna ætti allri þjóðtrú (hjátrú) og horfa fram.

Samkvæmt formála Jóns Árnasonar að fyrstu útgáfu bókarinnar *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, var á 17. og 18. öld litið á þjóðsögurnar sem hjátrú og hindurviti

¹ Tangherlini er prófessor við University of California í skandinavískri deild og deild fyrir Asísk tungumál og menningu.

² Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, I, XVII.

sem ætti að útrýma. „Prestunum var hin mesta vorkunn og bein embættisskylda þeirra að útrýma hindurvitnum og hjátrú úr söfnuðum sínum, en með hjátrúnni misstist meira; því þegar búið var að koma inn fyrir litningu á munnmælum og alþýðlegri fornfræði hjá almenningi var bein afleiðing að það legðist af að „segja sögur“.³ En það lagðist þó tæplega af en þessi afstaða ráðandi afla gat vissulega birst í vanda aðstoðarmanna Jóns Árnasonar, þegar þeir fóru að leita eftir og safna sögum meðal almennings, því til var að fólk vildi ekki tjá sig, af ótta við að verða sér til minnkunar.

Íslensk fræði verða þegar við stofnun Háskóla Íslands árið 1911 veigamikill þáttur í starfsemi hans. Um þetta segir höfundur bókarinnar *Um íslenskar þjóðsögur*, sem kom út árið 1940, Einar Ólafur Sveinsson fræðimaður við skólann, samtíma sinn vera einhverja þá mestu hættutíma sem yfir þjóðina hafi gengið og lýsir í framhaldi af því skilningi sínum á mikilvægi alls sem eftir geti þjóðerniskenndina: „Hún [þjóðin] þarf að halda á öllu því, sem styrkt geti þjóðernismeðvitund hennar og ást á menningu sinni og menntun.“⁴ Það er því augljóst að þjóðsögurnar hafa þá þegar þótt gjaldgengar við borð vísindanna og jafnframt hvaða hlutverk þeim var ætlað. En þrátt fyrir að sjálfstæð þjóðfræðadeild væri ekki stofnuð fyrr en alllöngu síðar, þá hafði þjóðin tekið ástfóstri við bækur Jóns Árnasonar frá upphafi. Einar Ólafur segir uppruna sagna og gerð margvíslegan og beri þær þess ærin merki, að þær séu tjáning á lund fátækrar og kúgaðrar þjóðar en tilþrifamiklar og skáldlegar eigi að síður.⁵ Hann segir fyrsta og merkasta einkenni þeirra vera að þær eru *munnmælasögur* og til þess að saga sé þjóðsaga, verði hún að hafa gengið í munnmælum.⁶

En sagnir eru alþjóðlegar og margir fræðimenn hafa skilgreint þær og skýrt. Linda Dégh, þekktur bandarískur prófessor, sem skrifað hefur grundvallarrit um þjóðfræði sagna, segir bók sína *Folktale and Society*, fjalla um tengslin sem verða til við frásögnina, þegar þeir sem skapa hana, bæði flytjendur og áheyrendur mynda eina samræmda heild. Sú hefðbundna þjóðsaga, sem sprettur upp í samfélagi á hverjum tíma, verður einskonar fyrirmynd (model), hún á sér engan höfund: samfélag fólksins eða eins og fræðimaður

³ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, I, XVIII.

⁴ Einar Ólafur Sveinsson, *Um íslenskar þjóðsögur*, VI.

⁵ Einar Ólafur Sveinsson, *Um íslenskar þjóðsögur*, 4.

⁶ Einar Ólafur Sveinsson, *Um íslenskar þjóðsögur*, 7.

einn kallar það, keðja höfunda hefur skapað hana. Margt hefur tapast úr textanum við flutninginn en það sem hefur lifað, orðið ennþá auðugra og fegurra.⁷

Dégh segir sagnir finnast hvar sem er í heiminum og þó gamlar séu og hugsanlegan orðnar til við ólíkar aðstæður, háðar stað og tíma, eigi þær allar eitt sameiginlegt, þær hafa orðið til af félagslegri þörf. Þegar læsi breiddist út en menntun var þó aðeins hlutskipti fárra, hafi frásagnir orðið mikilvæg leið til listsköpunar fyrir lægri stéttir samfélagsins.⁸

Í umfjöllun sinni um sagnir í bókinni *Interpreting legend: Danish storytellers and their repertoires* segir Tangherlini að rannsóknir í þjóðfræði beinist að birtingu hefðbundinnar menningar og greining á þeirri birtingu og niðurstöður hennar séu leiðir til að skilja þá siði og gildi, sem hefðbundin menning skapar. Mikill hluti þessa efnis er munnlegi fræði (oral lore), nánar tiltekið munnlegar frásagnir í sagnastíl. Það er þess vegna skiljanlegt, að mikill hluti þjóðfræðaumfjöllunar beinist að rannsókn og túlkun á þessum munnlegu frásögnum. Sagnir eru ein grein af þessum meiði.⁹

Sagnahefðin er sameiginlegt verkefni þess sem segir frá og áheyrenda hans, þar sem viðbrögð áheyrenda og það umhverfi (space) sem er vettvangur frásagnarinnar hefur áhrif á sagnamanninn og flutning hans. Terry Gunnell prófessor í þjóðfræði við Háskóla Íslands segir í inngangi bókarinnar *Legends and Landscapes* að bæði fyrr og nú séu sögur sameiginleg sköpun viðstaddra, vegna þess að þær eru sprotnar úr umhverfi beggja, sagnamannsins og áheyrenda hans. Þetta umhverfi var á 19. öldinni, þeim tíma er flestum sögunum var safnað, einskorðað við þröngt svið heimahaganna.¹⁰ Terry Gunnell gefur í raun yfirgripsmikla skýringu á (íslenskum) sögnum og tengslum þeirra við samfélagið í aðeins tveimur setningum, þegar hann segir: Að þegar sögur (legends) eru sagðar eða endursagðar, þá býr í þeim leiðsögn og þær útskýra hið óskýrða, það er lögð áhersla á félagslegt stigveldi, trú, gildi, kvíða, ógnir og raunar margt fleira.¹¹

⁷ „The traditional folktale, which enters the life of a community at a given moment, thus acts as a model. It does not have an author: the folk community-or as Anikin calls it, the chain of “collective authorship” has produced it. Many texts have been lost in the course of transmission, but what has survived has become increasingly richer and more beautiful.” Dégh, *Folktales and Society*, 50.

⁸ Dégh, *Folktales and Society*, 63, 66.

⁹ Tangherlini, *Interpreting Legend*, 4.

¹⁰ Terry Gunnell, Introduction, 14.

¹¹ „In short, when told or retold, legends offer guidance and provide explanations for the unexplained. They also underline, social hierarchies, beliefs, values, anxieties, threats and more.” Terry Gunnell, Introduction, 15.

1.2. Umhverfi sagna og mikilvægi þess

Linda Dégh talar um tvær greinar innan þjóðsagnarannsóknna. Það er annarsvegar textagreining, sem beinist að því að bera frásagnir ólíkra landa saman og hinsvegar rannsóknir, sem eru annars eðlis þ.e. greining á grundvelli félagssagnfræði. Dégh er þó andvíg því að litið sé á þessar tvær greinar fræðanna sem ósamræmanlegar og væntir, að í framtíðinni fari textagreining fram á viðeigandi félags-menningarlegum grunni. Í samræmi við þá skoðun sína heldur hún því fram, að jafnvel þeir sem nálgast þjóðsöguna frá heimspekilegu sjónarhorni, geri sér grein fyrir að hún verður að vera sprottin úr eigin jarðvegi og því þurfi allar rannsóknir að hefjast þar.¹²

Þjóðsögur Jóns Árnasonar frá 19. öld eiga langflestar ef ekki allar baksvið í íslenska bændasamfélaginu og það má ef til vill tengja það niðurstöðu Dégh en hún segir, að mest áberandi einkenni evrópsku þjóðsögunnar (traditional tale) sé hve aldarfar lénsstefnunnar er þar sýnilegt. Íslenskt bændasamfélag 19. aldar hefur ekki verið skilgreint sem lénskipulag en stór hluti íslenskra bænda á öldinni voru leiguliðar, sem ýmsar kvaðir hvíldu á. Á Íslandi eins og í því samfélagi sem bók Dégh fjallar um, þá voru þjóðsögur sagðar og metnar mikils hjá almenningi en síður hjá hinum lærðu. Breyting varð á þessu á Íslandi með eflingu þjóðernishugmynda og söfnun þjóðlegra fræða hverskonar.

Sagnirnar sem fjallað er um í þessu verkefni flokkast sem: goðfræðisögur, draugasögur og galdrasögur þ.e þær eiga rætur í íslenskri þjóðtrú um verur og atburði sem ekki eru þessa heims eða auðskiljanlegir, en eru í raun samt ótrúlega miðlægir í íslenskri menningu. Terry Gunnell hefur fjallað um þessi menningarbundnu viðhorf og segir að frásagnir, sem innihalda persónuleg viðhorf einstaklinga, gefi innsýn í skilning þeirra á umhverfinu, bæði efnislegan og andlegan og hann telur, að munnleg hefð tengd slíkum trúarviðhorfum, lifi enn í dag góðu lífi.¹³ Valdimar Tr. Hafstein þjóðfræðingur, sem skoðað hefur álfatrú tengda vegagerð segir að trúin á tilvist álfa megi túlka sem virðingu

¹² Dégh, *Folktales and Society*, 47.

¹³ Terry Gunnell, *Heima á milli*, 905.

fyrir umhverfinu í víðum skilningi þ.e. því sem er í umhverfinu en er ekki sýnilegt. Álfatrúin sé viðurkenning á því að til sé veruleiki, sem er handan við okkar skynheim.¹⁴

Í þýddri grein eftir Christophe Pons¹⁵ um þjóðtrú, fjallar hann um hvernig hugmyndin um drauga og huldufólk getur leitt til ákveðins atferlis og hegðunar, sem hann segir áhugavert þar sem það sé ekki tilviljanakennt, heldur endurspegli sameiginleg viðhorf Íslendinga. Hann kannar draugasögu íslenskrar fjölskyldu og þykir athyglisvert að sjá með hvaða hætti draugatrúin opnar leið að íslenskum menningarheimi. Pons segir þjóðsögur sem segja frá draugum falli undir skilgreininguna reynslufrásagnir (memorates) en þær hafa verið skilgreindar sem frásögn frá fyrstu eða annarri hendi, séu af raunverulegum atburðum og tengist oftast ákveðnum stöðum, kennileitum eða persónum. Sérinkenni draugasagnanna sé að þær skorti endapunkt og séu án forms. Þær séu margar mjög stuttar og skýri frá einstökum, einangruðum atburðum og dragi upp brotakennda mynd af lífi og tilveru venjulegs fólks. Þetta séu bókmenntir alþýðunnar. Draugarnir sem fjallað er um séu táknmynd eins og sögurnar sem um þá fjalla og eru eins og þær óhöndlanlegir, formlausir og án endis.¹⁶

Þekkt er hvernig gömul hefð eða hefðarvald hefur áhrif á reynslufrásagnir og leggur til einskunar túlkunarramma fyrir nýjar upplifanir og sköpun frásagna af yfirnáttúrulegum atburðum. Í grein Júlíönu Þ. Magnúsdóttur þjóðfræðings „Huldar víddir heimabólsins“ kemur fram að íslensk þjóðtrúarhefð sé fremur íhaldssöm hvað varðar hugmyndir um flokkun yfirnáttúrulegra vera í umhverfinu. Þannig tilheyri tröll, útilegumenn og skrímsli óbyggðum en huldufólk var talið búa í steinum og klettum í nálægð býlisins en framliðnir eru staðfræðilega sjálfstæðir.¹⁷

Tangherlini segir sagnir verða að hafa trúverðugleika og ein aðferð til þess er að aðlagast breytilegum hefðum. Þessi aðlögun að ólíku landslagi og samfélögum, leiðir til mikillar fjölbreytni í frásögnum.¹⁸ En þrátt fyrir að sagnir af fólki eða atburðum séu trúverðugar, eru þær ekki endilega sannar frá sannfræðilegu sjónarmiði. En þjóðfræðin

¹⁴ Valdimar Tr. Hafstein, Respekt fyrir steinum: Álfatrú og náttúrusýn, 332.

¹⁵ Pons sem hefur dvalið á Íslandi, fjallaði um íslenska draugasögu í mannfræðilegu ljósi, í Skírni.

¹⁶ Pons, *Gegn þjóðtrú*, 145, 156.

¹⁷ Júlíana Þ. Magnúsdóttir, *Huldar víddir heimabólsins*, 2.

¹⁸ Tangherlini, *Interpreting Legend*, 11.

er ekki á höttunum eftir beinhörðum sannleika, sem fremur ætti að leita í opinberum gögnum heldur en þeirri frásögn sem birtir viðhorf almennings til atburðanna, hvernig hann skilgreinir það sem „raunverulega gerðist“. Það ósamræmi sem er á milli gagna dómstóla og munnlegra frásagna sýnir að þessir tveir textar gegna ólíku hlutverki: sagnir hætta að vera lifandi, ef þær eiga að vera nákvæm skýrsla af raunverulegum atburðum.¹⁹

Í sögnum birtast óskir og vonir þeirra sem segja frá oft sem myndlíkingar, því eins og Palmenfelt segir þá endurskapar maður eigin veruleika í gegnum þjóðfræðafeni í samræmi við drauma sína og þrár.²⁰ Þetta gerði alþýða manna á Íslandi í ríkum mæli, meðan bókmenntir voru enn af skornum skammti en hefðin fyrir sögur rík og þörfin fyrir tjáningu nauðsyn.

1.3. Jón Árnason og þjóðsögurnar

Undanfari hins mikla verks *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* var lítið kver *Íslensk æfintýri*, sem kom út árið 1852. Það var einskonar sýnishorn af því sem höfundarnir höfðu þá safnað, mestmegnis þjóðsögur segir Einar Ól. Sveinsson en þeir höfðu lesið ævintýri Grimmsbræðra og þaðan er talið að hugmyndin að söfnun hafi komið. Höfundarnir voru Jón Árnason fæddur 1819, stúdent 1843, starfaði sem heimiliskennari, bókavörður við Stiftsbókasafnið frá 1848, kennari síðar umsjónarmaður við Latínuskólann og skrifari biskups. Hinn var Magnús Grímsson fæddur 1825, stúdent 1848, sem nam guðfræði og varð prestur að Mosfelli frá 1855 til dauðadags.

Talið er að ekki hafi miklu verið safnað eftir að *Íslensk æfintýri* komu út en breyting þar á varð árið 1858 er dr. Konrad Maurer, þýskur fræðimaður og vinur Grimmsbræðra kom til Íslands. Hann ferðaðist um landið og komst að raun um að hér fundust hverskonar alþýðleg fræði, skrifaði upp það sem hann komst yfir og gaf út árið 1860 undir nafninu *Islandische Volkssagen der Gegenwart*. Koma hans varð aflvaki fyrir söfnunarmennina Jón og Magnús þar sem Maurer hvatti þá til dáða og bauðst jafnframt til að fá bókaforlag í Leipzig til að gefa út safn þeirra af þjóðsögum. Þá benti hann Jóni á ýmsa fróðleiksmenn, sem hann hafði kynnst á ferðum sínum un landið, sem í framhaldi

¹⁹ „The inconsistencies between the court documents and the oral narratives are appropriate to their different functions: legend cannot remain viable and at the same time retain a precise record of factual details.” Alver, *Historical Legends and Historical Truth*, 143.

²⁰ Palmenfelt, *On the Understanding of Folk Legends*, 165.

af því samdi hugvekjju, þar sem hann lýsti því alþýðlega fræðaeefni sem hann sóttist eftir og sendi hana yfir 40 mönnum, vítt og breitt um landið. Margir voru skólabræður hans og vinir. Þar sem Magnús lést 1860, er ekki talið að hann hafi getað safnað meiru en því sem áður var komið. Var Jón Árnason því einn skrifadur fyrir bókinni, sem þá var í undirbúningi.²¹

Á 19. öld gætti þeirra viðteknu hugmynda upplýsingarinnar að hjátrú og hindurvitni hefðu slæm áhrif og var þesskonar efni uppnefnt „kerlingabækur“. Þó að heimildarmenn Jóns Árnasonar kæmu úr flestum lögum samfélagsins, voru margir þeirra skólagengnir og töldu sig hafna yfir alþýðuna og sniðgengu gjarnan vinnufólk, vergangsmenn og ómaga. En munnmæli eru ekki síður talin hafa verið á vörum þess fólks, svo margt glataðist sem fengur hefði verið að. Hugsanlega hefur þessi afstaða haft áhrif á efnistöð og stíl frásagnanna, þannig að hlutur þessa fólks er rýrari en ella hefði verið tilefni til.²²

Nefna má í þessu sambandi að Ólína Þorvarðardóttir hefur komist að þeirri niðurstöðu í umfjöllun um Þjóðsögur Jóns Árnasonar, að ekki sé hægt að líta svo á að um vísindalega heimildavinnu hafi verið að ræða eins og nú er krafist, þegar frumskráning þjóðsagnanna var gerð, heldur hafi sagnirnar farið í gegnum síur margra; skrásetjara, Jóns Árnasonar sjálfs og loks Maurers sem las prófarkir [með aðstoð Guðbrands Vigfússonar]. Það sé því varasamt að líta á þær sem málvísindalegar og textafræðilegar heimildir um frásagnarhátt alþýðu manna á tíma skrásetningarinnar eða sem þverskurð af hugarfari þjóðarinnar í heild og þetta verði að hafa í huga við lestur og útleggingu sagnanna. Ólína segir þó jafnframt að fræðilega unnin frumskráning þjóðsögu sé enginn endanlegur dómur um hvernig eigi eða megi segja tiltekna sögu um aldur og ævi, því ákveðið gildi hennar lifi sjálfstæðu lífi. Munnmælasagan gengur yfirleitt í mörgum gerðum, er háð endursköpun og á sér engan einn höfund.²³

Jón Hnefill Aðalsteinsson forgöngumaður þjóðfræðinnar við Háskóla Íslands fer yfir þetta viðfangsefni í bók sinni *Þjóðtrú & þjóðfræði*. Hann segir að þegar hugmyndir rómantísku stefnunnar á 18. öld vöktu upp áhuga á fornum fróðleik, m.a. á þjóðsögum hafi áhugamönnum á þessu sviði verið fjarri að fjalla um heimildir sínar af sömu

²¹ Einar Ól. Sveinsson, *Um Íslenskar þjóðsögur*, 116.

²² Ólína Þorvarðardóttir, *Þjóðsögur Jóns Árnasonar*, 259.

²³ Ólína Þorvarðardóttir, *Þjóðsögur Jóns Árnasonar*, 266-267.

vísindalegu nákvæmni og tíðkaðist í viðurkenndum lærdómsgreinum þeirra tíma. Þeir breyttu, slepptu úr og bættu eftir ástæðum og vegna þessa markaði stefnuskrá og rannsóknaraðferðir Grimmsbræðra, þar sem safna átti öllum sögum og fróðleik og rita niður orðrétt án þess að breyta staf, gagnger tímamót. Það virðist hinsvegar ljóst að þrátt fyrir að Jón Árnason hafi verið meðvitaður um reglur Grimmsbræðra, þá hafi óttinn við viðtökur og neikvætt viðhorf til fróðleiks af þessu tagi líka verið mjög ofarlega í huga hans.²⁴

Þetta viðhorf til þjóðlegra fræða er einnig til umfjöllunar hjá fræðimanninum Sigurði Nordal. Hann tekst á við það viðhorf Maurers, að Íslendingar fyrriverði sig fyrir hjátrú sína og vilji ekki gangast við henni fyrir sjálfum sér, hvað þá öðrum. Að margir þekki varla nein gömul munnmæli og fyrirlíti þau og kalli kerlingabækur, hræðist að þeir sjálfir og þjóðin í heild verði aðhlátursefni, ef erlendir menn heyrðu annað eins. Þá leggi allmargir prestar beinlínis hatur á þetta efni og óttist, ef ekki um sálarheill sóknar barnanna, þá álit sannkristinna manna á, að slíku efni sé safnað.²⁵

Í ljósi þessara niðurstaðna fræðimanna verður enn skýrara hve merkilegt framtak Jóns Árnasonar var, þar sem ýmislegt var honum mótdrægt í tíðarandanum. En umfjöllunin leiðir jafnframt til skilnings á þeim skorðum sem hljóta að vera á því að draga of sterkar ályktanir um samfélagsþætti á tímum skráningarinnar.

Sagnir, sá hluti íslenskra þjóðsagna sem hér er til umfjöllunar, eiga sér djúpar rætur í íslenskri menningu en eru jafnframt grein af alþjóðlegum meiði alþýðumenningar. Veigamikill þáttur í skilningi á sögnum er að kanna og skilja þann jarðveg sem þær eru sprottnar úr, því umhverfi þeirra er margslungið og mikilvægt. Skýringar og umfjöllun um þjóðsögur Jóns Árnasonar draga ekki úr þeirri sýn íslenskra fræðimanna bæði fyrr og síðar, hve mikilvægt framlag þjóðsögur hans voru til skilnings á lífi og hugsun Íslendinga á 19. öld.

²⁴ Jón Hnefill Aðalsteinsson, *Þjóðtrú & þjóðfræði*, 62-67.

²⁵ Sigurður Nordal, *Þjóðsagnabókin*, I, I-li.

2. Íslenskt samfélag

Samantekt um bændasamfélagið gegnir því hlutverki að skapa verkefninu bakgrunn, og mynda um leið eins konar umgjörð um umfjöllunina. Eins og komið hefur fram í kafla 1.2. þá er þekking og skilningur á umhverfi sagna nauðsynleg forsenda fyrir þekkingu og túlkun á sögnunum sjálfum. Sagnirnar og umhverfi þeirra eru órjúfanleg heild, þess vegna er mikilvægt að huga sérstaklega að því samfélagi, sem sögurnar eru sprottnar úr, þegar svara á spurningunni um hvernig vinnukonur birtast í þeim. Þá er nokkur greining á þeirri efnislegu og félagslegu veröld, sem þær lifðu í einskonar spegill til að skoða í reynslu þeirra og veruleika. Náttúra landsins og veðurfar skipti sköpum fyrir líf og afkomu alla og mótaði skaphöfn manna og hugarfar. Innri bygging þjóðfélagsins skipti miklu máli, ekki síst fyrir þá sem voru valdalausir, þar sem þessi bygging myndaði fasta umgjörð, sem þeir áttu ekki að stíga út fyrir. Þar kom kirkjan og boðun hennar mikið við sögu en þjóðtrúin fylgdi fast á eftir, þegar örlög manna voru ráðin.

2.1. Bændasamfélag 19. aldar

Á síðasta hluta 18. aldar gengu miklar hamfarir yfir Ísland, þegar Skaftáreldar runnu úr Lakagígum 1783. Jarðeyðing vegna hrauns og ösku, olli felli manna og kvikfénaðar. Frásagnir á 19. öldinni af Móðuharðindunum og hraunbreiðunum sem urðu til þegar hraun rann úr Lakagígum, urðu hluti af sögu Íslands um erlenda áþján, efnalega og andlega hnignun, ásamt sögunni af baráttunni við þessi öfl.²⁶ En þrátt fyrir erfiða tíma og harðindi hélst stöðugleiki og regla íslenska bændasamfélagsins óbreyttur. Guðmundur Hálfðánarson, prófesor í sagnfræði við Háskóla Íslands líkir kjarna bændasamfélagsins við gildi miðalda:

Grunneining bændasamfélagsins, heimilið, var líka um margt eins og smækkuð mynd af gildum iðnaðarmanna í Evrópu, þ.e. eins og íhaldsmenn nítjándu aldar ímynduðu sér að þau hefðu verið. Á sveitabænum, líkt og í vinnustofum miðalda, myndaði allt starfsfólk „fyrirtækisins“ eina heild, eða fjölskyldu, en skiptist ekki upp í andstæðar fylkingar

²⁶ „During the nineteenth century, the story of the Móðuharðindi and the lava fields created by the Laki eruptions became part of an Icelandic history of foreign oppression, material and spiritual decline, and the struggle against these forces.“ Karen Oslund, *Iceland Imagined*, 45.

„atvinnurekenda“ og „verkafólks“. Á bændaheimilinu var ekki litið á vinnufólk sem sérstaka stétt, heldur var það ávallt talið með börnum húsráðenda. Vinnumennskan var í þessum skilningi í raun og veru ekki starf, heildar lífskeið í beinu framhaldi af barnæskunni, þar sem hver kona og karl hlaut undirbúning undir stofnun eigin bændaheimilis.²⁷

Þessi lóðréttu félagstengsl voru undirstaða stöðugleika og óbreytts ástands, þar sem vinnufólkið vænti þess að komast síðar meir í bændastétt átti það sameiginlega hagsmuni með húsbændum sínum. Íslensk sagnamenning eins og hún var iðkuð um aldir treysti enn samstöðuna á bændaheimilinu. Þar var orðsins list aldrei langt undan og sögur og sagnir lifðu á vörum þjóðarinnar. Allir áttu aðgang að því sem fram var borið á kvöldvökunum í baðstofunni. Það birti líka nokkuð til með nýrri öld.

Í ritinu *Landbúnaðarsaga Íslands* segir að á 19. öldinni hafi framleiðsla hvers heimilis aukist og verslun orðið meiri. Þetta leiddi til betri efnahags og vaxtar af ýmsu tagi, einkum á tímabilinu 1830-1860. Um miðbik aldarinnar lifðu 82% þjóðarinnar af landbúnaði. Með batnandi hag fjölgaði fólki en jarðnæði var takmarkað. Þess vegna voru við lýði reglur um hverjum var leyft að giftast og stofna heimili, reynt var að sporna við giftingum efnasnauðs fólks og bannað þeim sem höfðu þegið af sveit. Hlutfall ógiftra kvenna var hér óvenjulega hátt miðað við önnur Evrópulönd og margar konur urðu aldrei húsmæður á eigin heimili. Konur voru töluvert fleiri í landinu en karlar, þær lifðu lengur og 1801 var fjórða hver kona á aldrinum 40-49 ára ógift en aðeins tíundi hver karlmaður. Þessi munur á kynjunum hefur einkum verið skýrður með, tíðum sjóslysum. Margra kvenna beið því að lifa sem vinnukonur og þjóna öðrum alla ævi. Verkaskipting var skýr en sumsstaðar þurftu vinnukonur þó að ganga í karlmannsverk, einkum á Suðurlandi þar sem flestir vinnumenn og jafnvel bændur fóru á vertíð yfir veturinn. Auk þess var vinnukonum ætlað að þjónusta vinnumenn, draga af þeim vosklæðin og sjá um viðhald á fatnaði þeirra. Laun vinnukvenna voru hinsvegar allt að því 50% lægri en vinnumanna en voru að öðru leyti breytileg eftir landshlutum, búum og aldri vinnuhjúa. Eins og áður segir var litið á vinnumennsku sem skóla til undirbúnings eigin búskapar. Vinnufólkið reyndi að leggja fyrir og eignast bústofn. Þrátt fyrir strangar kröfur um skírlífi ógiftra og að barneignir utan hjónabands væru litnar illu auga, var framhjáhald bænda með vinnukonum viðtekinn síður á 19. öld auk þess sem ungir menn sem giftust oft ekkjum

²⁷ Guðmundur Hálfðánarson, *Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld*, 43.

sem voru allmörgum árum eldri en þeir, áttu vingott við vinnukonur og giftust þeim síðar er ekkjan lést.²⁸

Sögur sýna að ekki voru vinnukonur alltaf heppnar í þessum samskiptum og hröktust jafnvel úr vistinni vegna barneigna með húsbóndanum. Ekki er víst að vinnukonur hafi átt annars úrkosti en láta að vilja húsbændanna, hvað sem það átti eftir að kosta þær og óskilgetið barn þeirra, því Gunnar Halldórsson segir í grein um bændasamfélagið, að víða mega sjá þess merki í heimildum að samskipti húsbænda og vinnufólks hafi lotið sömu lögmálum og samskipti foreldra og barna. Vinnukonur eins og annað vinnufólk voru því í raun ekki sjálfs sín ráðandi, heldur seldar undir húsaga í einskonaframlengdri bernsku.²⁹ Þjóðsögurnar túlka og greina frá grimmilegum afleiðingum barneigna í meinum, þegar örvingluð móðir hefur borið út barn sitt eða jafnvel endað líf sitt ásamt barninu fæddu eða ófæddu.

2.2. Innra skipulag og áhrifaþættir

Finna má ýmsar frekari skýringar á samfélagi 19. aldar á Íslandi. Guðmundur Hálfðánarson sagnfræðingur segir Magnús Stephensen dómstjóra lýsa því á líkan hátt og samfélaginu sem byltingarmennirnir í Frakklandi kölluðu gamla stjórnskipulagið, til aðgreiningar frá þeirri stjórn jafnréttis og bræðralags sem þeir töldu sig vera að stofna með stjórnarbyltingunni, sem hófst 1789. Guðmundur segir hinsvegar að: „Líkt og lénskerfi Evrópu var íslenskt þjóðfélag samsett úr þremur lögum, þar sem embættismenn ríkisins gegndu hlutverki aðals, klerkar voru stétt út af fyrir sig, en á Íslandi komu bændur í stað þriðju stéttar.“³⁰

Þrátt fyrir að embættismenn væru að mörgu leyti ólíkir t.d. efnahagslega, þá tengdi menntunin þá saman innbyrðis og greindi þá frá öðrum Íslendingum. Þar sem barnaskólar voru nær óþekkt fyrirbæri á Íslandi 19. aldar voru engin skipuleg tengsl milli alþýðumenntunar og langskólanáms en til allra opinberra embætta þessa tíma var krafist ígildis lokaprófs úr Lærða skólanum. Þetta þýddi að aðgangur alþýðu að embættum var mjög takmarkaður og árið 1850 voru 60% klerka og veraldlegra

²⁸ Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands*, 47-53.

²⁹ Gunnar Halldórsson, *Byggðastefna bændasamfélagsins*, 14.

³⁰ Guðmundur Hálfðánarson, *Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld*, 13.

valdsmanna presta- eða embættismannasynir. Endurnýjun stéttanna kom úr þeirra eigin röðum.³¹ Þannig hélst þekkingin og valdið sem fylgdi embættismannastéttinni, bæði veraldlegt og andlegt ekki aðeins í stéttinni, heldur urðu til valdamiklar ættir sem höfðu aðra stöðu en alþýða manna. Þeir sem tilheyrðu þeim gátu haft aðgang að hugarheimi, sem hulinn var alþýðunni.

En hver var staða vinnukvenna innan þessarar flokkunar? Eins og áður hefur komið fram voru þær í raun ekki skilgreindur hópur í samfélaginu heldur fyrst og fremst hluti af þeirri heild sem bændasamfélagið var. Þær voru vegna kynferðis lægra settar en vinnumenn launalega og undirseldar þeirri túlkun á Biblíunni að konur „ættu“ sess skör lægra en karlar. Þegar þjóðernishugmyndum óx fiskur um hrygg á Íslandi, á síðari hluta 19. aldar, var allt fyrir hendi til þess að þeir gætu talist sérstök þjóð: „Skýrt afmörkuð landamæri, einangrun, glæst saga (eða minnsta kosti glæsileg sagnaritun) og sérstakt tungumál voru allt þættir sem studdu íslenska þjóðarvitund og réttlættu hana fyrir öðrum.“³² En þrátt fyrir að hægt væri að afmarka þjóðina og gera kröfur um sjálfræði hennar, eins og hugmyndir þjóðernisstefnunnar gerðu ráð fyrir var krafan um sjálfræði einstaklinganna, allra síst kvenna hreint ekki sjálfsögð. Fáir stuðningsmenn lýðræðis á 19. öld vildu að konur ættu sama rétt í fullveldinu og karlar, þó lofaðar væru á hátíðastundum „sem fósturlandsins Freyjur“.³³

Vinnukonur á Íslandi voru því órafjarri frelsisbaráttu alla öldina, nema hugsanlega í draumum sem vaktir voru af kvæðum góðskáldanna, sögum og sögnum fyrri kynslóða. Aginn við vinnuna og staða þeirra, stéttalega, og hugmyndafræðilega, markaði þeim þröngan bás, því við hlið ríkisvaldsins stóð kirkjan, sem hafði gríðarlega mikil áhrif á líf og hugmyndir fólks alla öldina. Strangar siðareglur Biblíunnar og túlkun prestanna á þeim voru ekki hliðhollar konum, allra síst ógiftum. Afstöðu kristindómsins má marka af því hve fyrstu kvenréttindakonurnar, t.d. Bríet Bjarnhéðinsdóttir, voru harðorðar í garð kirkju og kristni. Hún sagði boðskapinn bera með sér hugmyndir um að konur væru lægra settar en karlar og að þær ættu að hlýða og vera undirgefna.³⁴

³¹ Guðmundur Hálfðánarson, Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld, 13

³² Guðmundur Hálfðánarson, Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld, 50.

³³ Guðmundur Hálfðánarson, Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld, 51.

³⁴ Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Fyrirlestur um hagi og réttindi kvenna, 333.

2.2.1. Kirkjan

Í nýlegri bók *Til móts við nútímann* er fjallað um trúarstefnur 19. aldar undir yfirskriftinni „Öld nýrra hugmynda“. Kaflinn skiptist í umfjöllun um fyrri og seinni hluta aldarinnar og um trúfrelsi, sem var staðfest í stjórnarskránni 1874. Heildaráhrifum guðfræði upplýsingatímans er líkt við það að inn í gamla rétttrúnaðinn hafi verið ofnar mikilvægar hugmyndir úr þeirri guðfræði sem var ríkjandi í upplýsingunni. Þannig hafi vinsælustu trúarritin langt fram eftir öldinni heyrt undir rétttrúnaðinn t.d. Passíusálmar Hallgríms Péturssonar. Áhrif hinna nýju hugmynda upplýsingarinnar bárust ekki til Íslands fyrr en þau voru orðin ríkjandi í Danmörku. Þetta þýddi að það afturhvarf sem varð upp úr 1840 úti í heimi, til nákvæmari trúfræðilegrar túlkunar í stað þess milda siðbætandi texta sem tilheyrði upplýsingunni, átti greiða leið inn í lifandi trúarhefð rétttrúnaðarins.³⁵

Guðfræðin sem barst til Íslands frá Danmörku á seinni hluta aldarinnar var mótuð af þeim áhrifum, sem Hafnarstúdentarnir urðu fyrir við danska háskóla. Þarna var um að ræða nýjan rétttrúnað sem kenndi að opinberun kristinnar veitti óyggjandi þekkingu á hinu yfirnáttúrulega, þar sem skynsemin hrykki ekki til. Hann var hefðbundinn og biblíufastur en breytingin frá þeim gamla var, að nú sat einstaklingshyggja í öndvegi og rétttrúnaðurinn var mótaður af mildri sýn, ríkum trúarlegum tilfinningum og innsæi.

Pétur Pétursson biskup (1866-1889) vildi vernda þjóðina gegn þeim trúartvístringi sem setti svip á Danmörku og önnur Vesturlönd og varar í blaðagrein (1861) við kappræðu um kristna trú í blöðum og heitir á blaðamenn að ljá henni ekki rúm í blöðum sínum. Með þessu kallaði hann á algjöra þögn um trúmál, þar sem engin trúarleg tímarit voru til í landinu. Með staðfestingu trúfrelsis 1874 misstu yfirvöld rétt til slíkrar afskiptasemi.³⁶ Þrátt fyrir að stefnt væri að mildari sýn kirkjunnar þegar leið á öldina, sýna orð Bríetar hér að framan, hvaða augum boðskapurinn var litinn af fyrstu kvenfrelsiskonunum og þær voru yfirleitt ekki úr hópi vinnukvenna, heldur var oftast um að ræða vel settar giftar konur.

³⁵ Þórunn Valdimarsdóttir, *Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar*, IV, 17.

³⁶ Þórunn Valdimarsdóttir, *Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar*, 27.

2.2.2. Þjóðtrúin

Þjóðtrúin er flókið fyrirbæri að því leyti að í henni býr margt sem fólk tekur til sín, án þess að trúa bókstaflega að það hafi merkingu. Þons segir hugmyndir um hvort draugar og huldufólk séu til vera mjög áhugaverðar. Þessar hugmyndir leiði iðulega til ákveðins atferlis og hegðunar, sem ekki er tilviljanakennt, heldur endurspeglar sameiginleg viðhorf Íslendinga. Í stað þess að leita svara í orsökum er beitt kerfisbundinni aðferð, þar sem birtingarmyndir þjóðtrúar eru uppistaða víxlverkandi kerfis hegðunar og viðhorfa. Þons lýsir þessu viðhorfi sem einu af hinum heimspekilegu sérkennum íslenskrar menningar. Hann heldur því fram að þessi menningarbundnu viðhorf hafi verið virk þegar þjóðsögurnar voru skráðar og séu það einhverju leyti enn í dag. Þetta byggist á trú á fortíðina, forfeðurna sem voru nánir náttúrunni og eru því réttmæt tilvísun í hefðarvald, sem staðfestir hið ótrúlega.³⁷

Terry Gunnell segir lestur þjóðsagna á kvöldvökum hafa virkað sem leiðarvísi fyrir marga, sem vissara væri að fylgja til að lifa áfram heilir og í friði. Þær hafi verið vegvísir um hegðun, hvað varðaði siðfræðileg og félagsleg gildi. Þær dýpkuðu sýn á landslagið, með frásögnum af örnefnum og leiðum um leið og þær sögðu frá hinu ósýnilega, draugum, álfum og tröllum. Þær minntu á spurningar um lífið og dauðann, á jaðartímamann og líkamlega og andlega muninn á hinu menningarlega og hinu villta.³⁸

Þorsteinn M. Jónsson þingmaður og útgefandi, fjallar um siðfræði þjóðtrúarinnar og segir að samkvæmt henni komi hegning fyrir illar gerðir nær ávallt fram í þessu lífi. Hann bregður upp dæmum úr þjóðsögunum um hvaða afleiðingar röng hegðun hafi og tekur dæmi þar um m.a. sögn af harðsvíruðum embættismanni sem féll fram úr rúminu og hlaut dauða af, þegar hann ætlaði að slá til vinnukonu sinnar. Við gröfina gerði slíkt aftakaveður að ekki varð við neitt ráðið. Bandið sem sett var utan um fremri hluta kistunnar brast þegar kistan var sett niður svo hún stakkst á endann niður. Gröfin var síðan fyllt í flýti og embættismaðurinn fékk þá óvirðulegu meðferð að standa á höfði í gröfinni.³⁹ Samkvæmt þjóðtrúnni þurfa menn þannig að þola hegningu þegar í þessu lífi. Þeir sem töldu sig eiga óuppgerðar sakir óttuðust um sáluhjálp sína eftir dauðann og vildu fyrir alla muni öðlast fyrirgefningu áður en til hans kæmi.

³⁷ Þons, *Gegn þjóðtrú*, 145. 162.

³⁸ Terry Gunnell, *Innrás hinna utanaðkomandi dauðu*, 47.

³⁹ Þorsteinn M. Jónsson, *Gríma hin nýja I*, xliii-líi.

Það samfélag 19. aldar sem vinnukonur tilheyrðu var samofin heild veraldlegra, andlegra og yfirnáttúrulegra þátta, þar sem rétttri boðun lútherstrúarinnar á hverjum tíma var haldið að öllum frá unga aldri en þjóðtrúin, sem var í nánum tengslum við fortíðina, landið sjálft og óblítt veðurfar þess, bjó einnig yfir allskonar boðum og bönnum. Sagnirnar í Þjóðsagnasafni Jón Árnasonar eru sprottnar úr þessum jarðvegi.

3. Hlutverk vinnukonunnar

Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar sem fyrst kom út 1862-1864 var endurútgengið um miðja síðustu öld á árunum 1954-1961 og eru sagnir úr þeim bókum lagðar hér til grundvallar. Er hér um að ræða sagnir þar sem orðið vinnukona (griðkona) kemur fyrir. Þær sagnir eru úr þremur flokkum í safninu en þeir eru: I. goðfræðisögur, II. draugasögur og III. galdrasögur og eru í bindum I og III. Hér er um að ræða 62 sagnir, sem eru um margt ólíkar, bæði hvað varðar lengd og alla gerð en umfjöllunin tekur eingöngu til þessara sagna og fylgir listi yfir þær í viðauka.

Ef til vill skilja vinnukonur ekki eftir sig mikla arfleifð í þjóðarsögunni, þrátt fyrir mikilvægi sitt. Þær eru þögull hópur, hluti af samfelldri heild, hinu fastmótaða og rótgróna bændasamfélagi 19. aldar. Það má finna vinnukonur í aðalhlutverkum í sögnunum en staða þeirra á hliðarlínunni sem áhorfendur (observer) svo notað sé heiti úr greiningu Palmenfelts er líka algeng og þykir mikilvæg, þar sem líta má á áhorfandann þar sem fulltrúa lesandans. Palmenfelt segir áhorfandann oft vera þann sem fyrstur er kynntur til sögunnar en hlutverk hans getur breyst, jafnvel frá því að vera hlutlaus áhorfandi til þess að vera virkur gerandi í dramatískum atburðum.⁴⁰

Þjóðsagnafræðin fjallar um hinn andlega vettvang þjóðmenningarinnar segir Jón Hnefill í bók sinni *Þjóðtrú & þjóðfræði* og þar eru þjóðsögur og sagnir efst á blaði. Það er einmitt einkenni flestra þeirra sagna sem hér eru til umfjöllunar, að þær fjalla um yfirnáttúrulega atburði og verur sem ekki eru þessa heims. Þær eru hluti hugarheims þessa tíma og sagnahefðin, þörfin fyrir frásögn lagar hana að þjóðtrúnni og til verða sögur og sagnir. „Þjóðsögur eru mjög gagnlegt fyrirbæri. Í þeim raungera yfirnáttúrulegar verur hversdagsleg átök í raunverulegu umhverfi og gera átökin viðráðanlegt viðfangsefni á hinum andlega vettvangi.”⁴¹ Þannig kemst Palmenfelt að orði í kafla um hvernig þau þemu, sem koma fyrir í sögnum, eru nátengd þeim raunveruleika sem við er að fást á hverjum stað. Bóndabærinn og umhverfi hans eins og

⁴⁰ Palmenfelt, *On the Understanding of Folk Legends*, 145.

⁴¹ „Legends are useful stories. In legends supernatural beings act out man's everyday conflicts in realistic settings, thereby making these conflicts possible to treat mentally.” Palmenfelt, *On the Understanding of Folk Legends*, 149.

hann var á 19. öld er vettvangur atburðanna. Eins og kemur fram í kafla 2.1. þá var staða vinnukonunnar, eins og annarra hjúa og barna á þessum tíma að vera undirseldar algjöru valdi húsbóndans, nema inni á heimilinu, þar sem húsmóðirin réði ríkjum. Bæði valdsviðin gátu orðið vettvangur átaka, þar sem vinnukonur voru þátttakendur en hugsanlega í ólíkum hlutverkum hverju sinni.

3.1. Sagnir um vinnukonur

Þegar vinnukonur eiga í samskiptum við yfirnáttúrulegar verur birtast þau gildi sem þær eiga að hafa í hávegum, til dæmis hvernig þeim ber að hegða sér til þess að rjúfa ekki hefðina eða valda ójafnvægi. Í goðfræðisögnum birtist þetta þannig að þær vinnukonur sem bregðast rétt við áreiti álfa og annarra vætta er launað, oft með gjöfum. En bregðist þær skyldum og virði ekki hefðina er voðinn vís, jafnvel dauði.

Nokkuð dæmigerð er sögnin *Jólanóttin*⁴² um vinnukonuna, sem á að vera ein að gæta bæjar fyrstu jólanóttina í vistinni en fyrri vinnukonur á bænum höfðu misst vitið þá nótt. Margt fólk (vættir) birtist og hafði í frammi dans og skemmtan og vildi fá vinnukonuna til að taka þátt en hún hafnar því alfarið, þrátt fyrir að henni sé heitið gjöfum. Heimafólk undraðist að finna hana heila þegar það kom frá kirkjunni en vinnukonan taldi að það hátterni hennar að kveikja ljós í bænum, lesa guðsorð og neita allri þátttöku í gleðinni hefði bjargað henni. Þarna sést hvernig hin goðsagnakennda frásögn dregur dóm af skráðum og óskráðum reglum samfélagsins.

Í draugasögunum birtist sýn samfélagsins á dauðann og landamæri tilverunnar. Þjóðtrúin gerir ráð fyrir sérstakri framgöngu við lík og greftranir, til þess að tryggja líkamlegan og andlegan frið þeirra sem lifa. Þar koma vinnukonur mikið við sögu og sagnir um þær tengjast iðulega kirkju og helgihaldi. Þetta má sjá í sögnum þar sem beinagrindur haldast ekki í gröfum sínum og ganga aftur vegna ófrágenginna mála. Má nefna sögnina *Beinagrindin á Hólum*⁴³, þar sem vinnukona hefur ein áræði til þess að sækja beinagrind í kirkju er myrkt er orðið. Samkvæmt ósk beinagrindarinnar sem

⁴² Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, I, 114.

⁴³ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, III, 359.

tilheyrði vinnukonu einni flytur hún beiðni um fyrirgefningu milli hennar og biskupsfrúar til verið hafði húsmóðir hennar. Sátt komst á og vinnukonan öðlaðist grafarró.

Í galdrasögum geta vinnukonur verið vitni að því þegar meintum göldrum er beitt til að koma ætlunarverki í framkvæmd en það eru iðulega prestar sem búa yfir þeirri þekkingu. Vinnukonur geta þá orðið fórnarlömb, einkum ef þær sýna kunnáttumönnum ekki tilhlýðilega virðingu, eða þær lenda á milli þegar tveir galdramenn eigast við. *Latínu-Bjarni*⁴⁴ var til dæmis á bæ einum og las fólki til skemmtunar söguna af Karla-Magnúsi og köppum hans. Töldu tvær vinnukonur að kunnáttumenn sem hann ættu að geta sýnt þeim kappana en hann lét sem hann heyrði þau tilmæli ekki. Nokkru seinna bregður svo við að sömu griðkonur þurfa að fara út erinda sinna. Þegar þær ætluðu að snúa inn aftur stendur Bjarni í dyrum og segir þeim að líta ofan á túnhalann. Þær gjörðu svo og sáu þá alla kappa Karla-Magnúsar í skæðri orustu; færðist leikurinn nær með miklum víghljóðum. Varð þá griðkonunum ekki um sel og vildu komast inn en Bjarni gaf þeim ekki kost á því, fyrr en honum þótti þær hafa fengið ráðningu við hæfi. Þær eggjuðu hann ekki framar.

Vinnukonur birtast þannig á ýmsan máta í safni Jóns Árnasonar. Þær eru eins og áður hefur komið fram starfandi nánast á hverjum bæ og því alltaf nálægar, þótt þær birtist ekki í sérstöku hlutverki. Þær standa neðarlega í virðingarstiganum og þeim ber að haga sér samkvæmt því. Draumar þeirra hafa væntanlega oft snúist um betri stöðu, að verða húsmæður á eigin heimili. En það átti oft ekki fyrir þeim að liggja, bæði vegna skorts á mannsefnum og jarðnæði til að mögulegt væri að hefja búskap, eins og kemur fram í kafla 2.1.

3.2. Kenning Palmenfelts um hlutverk

Rannsóknir Palmenfelts á sögnum eru meðal annars byggðar á „...fjögur þúsund síðum af athugunum, sem skráðar voru niður af Per Arvid Såve með blýanti og afritaðar af honum með fjaðurpenna.”⁴⁵ Safnarinn Såve, sem var kennari á Gotlandi safnaði þannig miklu þjóðfræðafni og Palmenfelt segir að hluti efnisins séu hefðbundnar sagnir er falli að klassískri skilgreiningu á þeim og segir þær gagnlegar til að fjalla um hugmyndir og

⁴⁴ Jón Árnason, Þjóðsögur og ævintýri, I, 469.

⁴⁵ Palmenfelt, On the Understanding of Folk Legends, 143.

tilfinningar viðvíkjandi siðferði, viðhorfum og gildum þess samfélags sem tekið er til greiningar. Hann tekur fram, að til þess að hrífa áheyrendur þurfi sögn að búa yfir dramatískri uppbyggingu, þar sem andstæður mætast, gott og illt þarf að takast á, sögnin þarf að hafa hápunkt og búa yfir lausn. Í stað þess að nota hugtak Propps, sem rannsakaði formgerð þjóðsagna í Rússlandi á fyrri hluta 20. aldar, *dramatis personae* um þátttakendur,⁴⁶ skilur Palmenfelt á milli stöðu þeirra í samfélaginu og þess hlutverks sem þær gegna í sögninni. Í einni og sömu sögn getur vinnukona t.d. verið áhorfandi að yfirnáttúrulegum atburði en orðið fórnarlamb sem þó að síðustu verður, fyrir eigin krafta eða með aðstoð hjálparmanns, hetja sögunnar. Í slíku tilfelli er vinnukonan eins konar staðalímynd annarra slíkra en hlutverkið sú staða sem hún gegnir gagnvart öðrum sem koma fram í sögninni.⁴⁷

Palmenfelt skilgreinir átta hlutverk samkvæmt hugmyndinni. Fyrsta hlutverkið er áhorfandi (*observer*): sá sem stendur á hliðarlínunni og fylgist með. Hann er vitni að því sem gerist, getur þess vegna sagt frá og er fulltrúi áheyrenda. Þetta hlutverk er oft kynnt fyrst til sögunnar en sá sem gegnir því getur líka átt eftir að verða þátttakandi í atburðunum. Fórnarlambið (*victim*) er stundum einstaklingur sem hefur orðið fyrir árás illra afla en getur líka verið sá sem hefur brotið reglurnar og er að meðtaka sína refsingu. Endalok fórnarlambins eru ekki endilega á einn veg og hann getur staðið uppi sem sigurvegari. Lögbriótur eða orsakavaldur hrindir af stað atburðarás, sérstaklega í sögnum sem eiga að sýna afleiðingar þess að brjóta reglur. Ef engin lög væru brotin væri engar sögur að segja. Í slíkum sögnum birtast viðmið samfélagsins um hvað er leyfilegt og viðurkennt, hvað er miðlægt. Hlutverk lögbriótsins sýnir fram á það sem ekki er þolað, í hlutverki hetjunnar (*hero*) birtast aftur á móti þau gildi og viðhorf sem þykja æskileg. Hetjan er fulltrúi fyrir hið góða, mannlega, eðlilega (*normal*) eða viðurkennda hegðun. Hetjan sigrar hið illa og kemur aftur á því jafnvægi, sem var ógnað af þeim sem brýtur reglurnar. Hetjan getur líka verið sá sem berst gegn andstæðingum en jafnframt sá sem miðlar málum milli tveggja og jafnar deilu þeirra. Hlutverk milligöngumannsins (*mediator*) er að skerast í leikinn gegn óvinum, hjálpa þeirri manneskju sem berst gegn yfirnáttúrulegum öflum og afhjúpa svikráð undir fjandsamlegt vald. Í hlutverki

⁴⁶ Propp, *Morphology of the Folktale*, 23.

⁴⁷ Palmenfelt, *On the Understanding of Folk Legends*, 145.

andstæðingsins (*opponent*) er falin ill óeðlileg ómannleg hegðun, ofbeldi, ógnir og hætta. Í sögninni getur andstæðingurinn þó haft meiri eða minni mannleg einkenni en þrátt fyrir það verið fjandsamleg yfirnáttúruleg vera en í báðum tilfellum birtast í hlutverkinu mannleg gildi eða gallar. Palmenfelt sér í safni Sáve sagnir, sem lýsa baráttu mannsins við náttúruna en yfirgnæfandi meirihluti þeirra segja opið eða í myndlíkingu frá vandamálum mannanna við lifa saman í friði. Hjálparinn (*helper*) er mannvera, dýr eða yfirnáttúruleg vera í dulargervi, sem styður annað af gagnstæðum öflum sem takast á í sögninni. Það er ekki mikill munur á hlutverki hans og milligöngumannsins. Síðasta hlutverkið, sem er hlustandinn (*identificand*) er ekki hluti af heimi sagnarinnar, heldur tengist það áheyrendum, þar sem með því er þeim gefinn kostur á að verða þátttakandi í þeirri veröld sem er verið að fjalla um.⁴⁸

Palmenfelt skýrir líka hvernig orðræðutækni (rhetorical devices) er notuð til að fjarlægja sig þeim vandamálum sem fjallað er um í sögnum. Þeim er haldið í þolanlegri fjarlægð þegar þau eru tekin til umfjöllunar. Það er gert með *fictionalization*, þar sem staðreyndir umbreytast í hefðbundið form sagna. Með *personfication* er hugmyndum breytt í sagnapersónur og sama fyrirbæri er á ferðinni með *objectification*, þegar óhlutbundnum hugmyndum er breytt í hluti. Palmenfelt talar líka um *temporal distancing*, þegar sögur eru látnar gerast í fortíðinni.⁴⁹ Í sögnum eru nafngreindir oft bornir fyrir frásögnum, sem eru jafnvel frá síðustu öld. Þetta á að gefa sögninni trúverðugleika og fjarlægðin í tíma er nægileg til þess að ekki er mögulegt að sannreyna söguna. Þessvegna er talað um tvennskonar tíma í sögnum, þann tíma þegar atburðurinn átti sér stað og tíma frásagnarinnar. Það er litið svo á að hæfilegur tími í þessu sambandi sé um það bil eitt hundrað ár.⁵⁰ Þetta þýðir að enginn frá þeim tíma er lifandi til að staðfesta eða hafna því sem fjallað var um í sögninni, fjarlægðin í tíma er nægilega mikil til að hægt sé að gera ráð fyrir skuggalegum leyndardómum og nógu lítil til að gera hefðina sem birtist trúanlega.

Eitt af einkennum sagna er að yfirleitt er hægt að greina í þeim einhverskonar gildismat eða viðhorf, sem sýnir oft glögglega hvaða augum hver staða í samfélaginu var

⁴⁸ Palmenfelt, *On the Understanding of Folk Legends*, 145-147.

⁴⁹ Palmenfelt, *On the Understanding of Folk Legends*, 155.

⁵⁰ „A useful temporal distance seems to be “a hundred years ago.”, Palmenfelt, *On the Understanding of Folk Legends*, 156.

litin og hvaða eiginleikar voru mikils metnir hjá þeim sem henni gegndu. Þarna eru vinnukonur ekki undanskildar. Þá er ekki síður mögulegt að átta sig á þeim hugmyndum sem voru ríkjandi á sviði trúarbragða og almenns siðferðis. Hlutverkagreining Palmenfelts kemur því að góðum notum þegar greina á þá mynd sem sagnirnar gefa af stöðu vinnukonunnar, sem og annarra.

Bóndabærinn var sviðið, þar sem „dramað“ átti sér stað, og Palmenfelt tekur fram að því nánari mynd, sem dregin er upp af því sviði, þeim mun sterkari andstæður verða þegar eitthvað óvænt kemur upp á, hvort sem það er framandi óþekktur gestur eða eitthvað yfirnáttúrulegt. Þar sem á sviðinu var ákveðinn hópur heimilisfólks, húsbændur, börn þeirra, oft aldraðir foreldrar og vinnufólk mátti búast við átökum innan hópsins og viðbrögðum hverskonar, þetta sem sagnir falla iðulega um. Heimilisfólkið varð að fallast á þær ákvarðanir sem teknar voru af húsbóndanum og húsmóðurinni, hvoru á sínu yfirráðasvæði og hlýða skipunum þeirra. Þetta var auðvitað ekki alltaf án árekstra, hvorki á Gotlandi eða Íslandi.

Bændasamfélag 19. aldar byggði á mikilli samvinnu milli bæja, þar urðu líka átök, bóndinn þurfti að gæta hagsmuna síns heimilis en var jafnframt háður því að halda frið við nágrenni. Þarna gat nábyli og samvinna sem byggði á gagnkvæmri hjálp leitt til deilna, sem þurfti að takast á við.⁵¹ Eins og fjallað er um í kafla 1.2. má segja, að sagnirnar séu tæki alpýðu sem hafði að litlu leyti tekið bókleg fræði í sína þjónustu til að orða vandamálin.

3.2.1. Goðfræðisögurnar

Goðfræðisögur eru flokkur I í bók Jóns Árnasonar og fjalla þær um álfa eða huldufólk, sæbúa, vatnabúa og tröll. Þetta eru þær yfirnáttúrulegu verur sem Íslendingar hafa haft samskipti við gegnum aldirnar og eru gjarnan kallaðar vættir. Algengastar voru sagnir sem tengjast álfum. Jón segir frá því í formála að sögur greini frá því að álfar vilji að mennirnir noti huldufólks heitið um þá fremur en kalla þá álfa. Huldumaður og huldukona eða jafnvel ljúflingur þykja mildari heiti, segir hann og betur við hæfi.

⁵¹ Palmenfelt, On the Understanding of Folk Legend, 151-153.

Huldufólk hafi verið álitid völdugt og notið virðingar og menn óttast þá en álfar eru nefndir þeir menn sem þykja hjákátlegir til orðs og æðis.⁵²

Í um fjórðungi sagnanna eru vinnukonur aðeins nefndar í upptalningu heimilisfólks. Þar eru þær algjörlega hlutlausir þátttakendur eða áhorfendur að atburðum. Eins og gera má ráð fyrir eru goðfræðisögur, þar sem þær eru gerendur, að finna á þeim árstíma og þeim stöðum sem tengist huldu vættum. Athyglisvert er hve algengt er að þær taki að sér (verði) að vera einar heima og gæta bæjar á jólanótt. En samkvæmt þjóðtrúnni má þá búast við heimsóknum huldufólks, sem er líklegt til að hafa í frammi hverskonar gleðskap. Hlutverkið virðist, ef marka má úrtakið hér, helst ætlað vinnukonum hvort sem hægt er að líta á það sem sérstaka prófraun eða ekki. Líklega þurfti einhver að gæta bæjarins og starfið á sviði kvenna. Hér fara svo á eftir 24 goðfræðisagnir flokkaðar, samkvæmt hlutverka greiningu Palmenfelts.

(1) Í sex sögnum er vinnukonan aðeins nefnd til sögunnar, sem *áhorfandi*:

- vinnukona sett til fylgdar óbyggðamanni og látin reka þangað kindur
- á jörð „nú af eldgangi eyðilögð“ er Una ein vinnufólks á bænum
- á prestssetrinu Víðimýri var Margrét vinnukona send í sel með dóttur prestsins
- skipbrotsmenn finna byggðan hól í óbyggðum, í húsabæ nærri er ein vinnukona
- vinnukonan Kristín er send á grasafjall, þar sem hrosshársreipi hverfur
- vinnukonan á Stapa í Bjarnanessókn heyrir sálma úr Grallaranum sungna í kletti

(2) Níu sagnir greina frá vinnukonum, sem eru *fórnarlömb*:

- vinnukona krafín af vætti um barnsbrók, sem hún hafði tekið með þvotti
- vinnukonan Sólveig missir unnusta sinn vegna hefnda huldufólks
- vinnukona skilin ein á jólanótt og helst ekki við þar, flýr í útiskemmu
- barni Ragnhildar vinnukona er rænt, var skilið eitt eftir í bænum
- vinnukona er ofsótt af yfirnáttúrulegri veru og getur eftir það ekki verið ein

⁵² Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* I, 3.

- vinnukonu hótað af bláklæddri konu, sem heimtar gersemi úr lófa barns hennar
- vinnukonu er freistað með gersemum, sem hverfa er hún ætlar að nálgast þær
- vinnukona geldur forvitni sinnar, fær kýrhildir á nasir sínar í fjósi
- vinnukona lætur freistast, tekur þátt í dansi á jólanótt

(3) Gilitrutt (sem vinnukona) er *orsakavaldur* í einni sögu:

- vinnukona (í gervi trölls) tekur voð af latri bóndakonu og spinnur gegn gjaldi

(4) Sjö sagnir sýna vinnukonur sem *hetjur*, þær breyta samkvæmt kristnum gildum:

- vinnukona hafnar að taka þátt í gleðskap á jólanótt (3 sagnir)
- vinnukona bregst rétt við þegar huldufólk vill koma fram hefn
- vinnukona sem er ein heima, veitir beina huldufólki, fær fallegan klút að gjöf
- vinnukona gefur af sauðamjólk á stöðli, fær vítur húsbænda en er launað
- vinnukona fer ein að smala, meðan aðrir ganga til altaris, bjargar fénu

(5) Ein sögn segir frá aðstoð vinnukvenna, sem eru *milligöngumenn*:

- vinnukonur hjálpa smaladrengrum sem verður fyrir árás (vætta) vegna beitar

3.2.2. Draugasögurnar

Annar flokkur sagna eru draugasögur og segir Jón Árnason, að eðlilegt sýnist að þeir gangi aftur sem áttu miklu heimsláni að fagna, að slíkir menn vildu ekki sætta sig við dauðann. Það er þó ekki algengustu draugarnir, heldur þeir sem fóru án þess að vera sáttir við meðbræður sína eða fengu ekki að lifa eins og nýfæddu börnin sem borin voru út. Þá er algengt að þeir gangi aftur er hötuðust við einhvern í lífinu, t.d. þeir sem voru ástfangnir en fengu ekki þann sem ástin var beindist að.⁵³ Þegar hinir dauðu ganga aftur er gröfin opin og tekst þá ekki að koma þeim aftur niður fyrr en sá látni hefur fengið einhverja lausn þeirra mála, sem hann fékk ekki leyst í lifanda lífi.

Draugasögur um vinnukonur finnast í bindum I og III og eru 23. Í þeim eru vinnukonur oftast fórnarlömb eða milligöngumenn sem taka að sér verk sem aðrir veigra

⁵³ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, I, 215.

sér við, eins og að flytja beinagrindur sem þarf að koma aftur í gröfina. Beinagrindurnar eru oft erfiðar viðfangs og vettvangur atburða eru helgir staðir, kirkjur og kirkjugarðar.

(1) Þrjár sagnir birta vinnukonur sem hlutlausan *áhorfanda* eða *vitni*:

- vinnukona nefnd vegna barneignar með prest
- vinnukona vitni að draugagangi
- vinnukona vitni að ofsóknum

(2) Í sjö sögnum eru vinnukonur *fórnarlömb* aftumgenginna:

- vinnukona sem hafði borið út barn sitt er vitjað af rödd sem hæðir hana
- vinnukona sem gerir lítið úr tilveru draugs ofsótt af honum
- vinnukona verður þunguð af völdum draugs
- vinnukonur verða ekki við óskum varðandi bein látinna (tvær sögur)
- vinnukona fellur í öngvit vegna draugs (tvær sögur)

(3) Í fjórum sögnum eru vinnukonur *orsakavaldar*:

- vinnukona tekur mannsrif úr kirkjugarði og neitar að afhenda prest
- vinnukona gengur aftur af því hún fær ekki bóndasoninn (tvær sögur)
- vinnukona verður úti á jólum og gengur aftur

(4) Í fjórum sögnum eru vinnukonur *hetjur*, aðgerðir þeirra eru til góðs:

- vinnukona sér fyrir manndrápsbyl, tvö skip fórust en eitt komst af
- vinnukona sigrast á ásókn látins ástmanns, sem hún hafði hafnað
- vinnukona kemur hauskúpu ungs manns í vígðan reit
- vinnukona sækir grallarann og beinagrind, sem hún kemur í jörð

(5) Í fimm sögnum eru vinnukonur *milligöngumenn*:

- vinnukona fær upplýsingar, sem leiða til að kirkja og söfnuður bjargast
- vinnukona hefur milligöngu um sættir milli látinna (4 sögur)

3.2.3. Galdrasögurnar

Galdrasögur eru flokkur III í safninu og skiptast í 2 greinar: ófreskigáfur (4 undirflokkar) og töfrabrögð (11 undirflokkar, merktir bókstöfum). Algengustu sagnir þar sem vinnukonur koma við sögu tengjast kraftaskáldum (I) og heitingum og álögum (J). Meira þótti kveða að skáldskap og hann hafa meiri áhrif en óbundin ræða, hvort sem var til lofs

eða lasts. Ef sá sem ljóðað var á gat ekki svarað í ljóðum þá mundi sá maður missa vitið og verða á valdi þess er ljóðaði á hann.⁵⁴ Ummæli galdramanna þóttu verða að áhrinsorðum engu síður en vísur kraftaskálda og skiptast þau í heitingar (formælingar og forbænir) og álög.⁵⁵ Eins og að líkum lætur eru vinnukonur gjarnan fórnarlömb aðgerða þeirra sem fást við galdra en þær geta líka notið nokkurs góðs af þeirra verkum. Sagnirnar eru 15 og flokkast þannig:

(1) Þrjár sagnir greina frá vinnukonum sem eru áhorfendur eða vitni:

- vinnukona vitni að því að bóndadóttir er niðurlægð af vonbiðli
- vinnukona vitni að óskum dóttur Sæmundar fróða um að vera komin í gleðskap
- vinnukona vitni að því að efnaður bóndi er niðurlægður vegna nísku sinnar

(2) Átta sagnir fjalla um vinnukonur sem verða *fórnarlömb*:

- vinnukona verður fyrir ásókn kölska (2 sagnir)
- vinnukona verður fyrir álögum galdramanna (2 sagnir)
- vinnukona ásótt af rödd, svo hún getur ekki sofið
- vinnukona drepin af Galdra-Lofti
- vinnukona flýr heimili galdramanns, galdraofsóknir fylgja henni í næstu vist
- vinnukona veikist af meinlætum eftir að hafa dreymt látna stúlku

(3) Ein sögn segir frá vinnukonu sem er *orsakavaldur*:

- vinnukona talin spilla lyfi sem lækna átti tengdaföður, sem var henni mótsnúinn

(4) Þrjár sagnir í flokknum segja frá vinnukonu sem er *hetja*:

- vinnukona nýtur aðstoðar móður sinnar og sýnir galdramanni í tvo heimana
- vinnukona sýnir hugrekki og beitir aflsmunar og leggur niður lík, sem reis upp

⁵⁴ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, I, 447.

⁵⁵ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, I, 457.

- vinnukona nýtur áhrínsorða galdramanns og fær gott gjaforð

Í undanfarandi umfjöllun um sagnir og síðan greiningu er þær skilgreindar eftir hlutverkum vinnukonunnar hverju sinni og flokkaðar niður þær hugmyndir sem í þeim má finna. Þessi skilgreining fjallar fyrst og fremst um hvernig þær tókust á við verk sín og viðfangsefni. Þær sýna einnig hvernig samfélagið leit á vinnukonur. Taka verður fram að nokkur einföldun hefur verið gerð á því sem þar kemur fram, þegar um fleiri en eitt hlutverk er að ræða í sömu sögn en þá er það hlutverk, sem er veigamest látið ráða. Þetta val er reyndar álitamál í sumum tilfellum.

Það má segja að hlutverkagreining Palmenfelts falli allvel að íslenskum veruleika, enda ekki um alls ólík samfélög að ræða. Þó má vera að vinnukonur hafi verið fleiri á Íslandi⁵⁶ á þessum tíma. Palmenfelt segir fólkið á bóndabænum á Gotlandi á dögum Sávés hafa verið karl og eiginkonu hans, sem oft áttu aðeins eitt barn en höfðu á heimilinu foreldra annars hjónanna. Ef til vill voru vinnukonur ekki verið eins miðlægar í gotneska samfélaginu og þær voru óneitanlega á Íslandi á þessum tíma.

Hlutverkagreiningunni er ætlað að svara fyrri hluta rannsóknarspurningarinnar um hver sé birtingarmynd vinnukvenna í íslensku sögnum í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar. Í síðasta kaflanum er síðan gerð grein fyrir því hvernig sú mynd sem hér hefur verið sett fram endurspeglar reynslu þeirra og veruleika en það er seinni hluti rannsóknarspurningarinnar.

⁵⁶ Þetta gæti skýrst af því að búskapur á Íslandi byggðist nánst eingöngu á kvikfjárrækt en akuryrkja var tíðkuð á Gotlandi en við hana voru karlar eftirsóttari vinnukraftur en konur og öfugt varðandi kvikfjárrækt.

4. Birtingarmyndir vinnukonunnar eru fjölbreytilegar

Eins og að framan hefur verið rakið birtast ákveðnar hugmyndir fólks um vinnukonur í sögnum, sem og aðra sem tilheyra samfélaginu. Bændasamfélögin áttu margt sameiginlegt, sem hélst lítið breytt í aldanna rás, stöðugleiki var eitt af því sem einkenndi þau og þótti mikið við liggja að þeim stöðugleika væri ekki raskað. Í þessum kafla eru ákveðnar sagnir skoðaðar og reynt að sýna fram á hvernig þær birta ákveðinn hugmyndaheim og hvernig hann fellur að raunheimi vinnukvenna í bændasamfélaginu eins og um hann er fjallað í kafla 2. Dregnar eru fram þær sagnir sem eru lýsandi fyrir stöðu og hlutverk vinnukonunnar.

Þjóðfræðikenningar sem fjallað var um í kafla 1 gera ráð fyrir að með könnun á sögnum sé hægt að gera sér einhverja grein fyrir því samfélagi eða samfélagsþætti sem skoðaður er. Viðfangsefnið er því að sjá stöðu og ímynd vinnukonunnar í þeim þjóðfélagsmyndum sem lesa má úr sögnunum. Er þar að finna þetta samfélag harðrar lífsbaráttu, sem Íslandssagan greinir frá og var nálægð kirkjunnar sú sem þar er greint, án þess að þjóðtrúnni væri hafnað?

Palmenfelt segir eitt mikilvægasta einkenni þjóðfræðiefnis vera, hvernig það segir á sama tíma bæði sögu samfélags og einstaklings. Svo framarlega sem einhver þekking á samfélaginu, sem sagnirnar koma úr, er fyrir hendi er mögulegt að greina mynstur af sömu gerð og myndar viðkomandi samfélag. Þetta er þó auðvitað ekki endilega nákvæmlega eins, taka verður tillit til þessa að sagnirnar bera heildinni vitni og eru huglægar og búa yfir orðræðutækni (sem er til umfjöllunar í kafla 3.1), sem auðveldar tjáningu flókinna og erfiðra atburða.⁵⁷

Sú sýn, sem einkum menntamenn höfðu til þeirrar hreinsunarstefnu á hindurvitnum sem birtist í kjölfar upplýsingarinnar á Íslandi (eða töldu sig að minnsta kosti skylduga að hafa uppi gagnvart slíku), var umfjöllunarefni í kafla 1.3. En staðreynd er að þjóðtrúin og hinn kristni boðskapur höfðu lifað saman í friði um aldir. Í sögnunum birtist líka einmitt einskonar leiðarvísir sem vissara þótti að fylgja til að lifa heilir og í friði eins og segir í tilvitnun í Terry Gunnell í kafla 2.2.1. Þjóðtrúin átti sinn sess, sem þjóðin

⁵⁷ Palmenfelt, On the Understanding of Folk Legends, 157.

var ekki tilbúin að hafna, þrátt fyrir að vinnukonur eins og aðrir lifðu í heimi, þar sem aðhald, leiðsögn og kröfur birtist jafnhliða og í einskona samfelldri heild, í trúarlegu valdboði kirkjunnar.

Uppfræðslan [innan kirkjunnar] átti einkum að þjóna þeim tilgangi að innræta alþýðunni þá túlkun kristinnar trúar sem kirkjufirvöld á hverjum tíma aðhylltust. Af þessum sökum gegndi trúaruppeldi öðrum þræði því veigamikla hlutverki að tryggja trúarlega einingu samfélagsins er var talin grundvöllur félagslegrar og menningarlegrar samstöðu innan þess. Trúaruppeldið var því mikilvægt stjórnæki í höndum yfirvalda. Þess vegna er ekki að undra þótt bæði andleg og veraldleg yfirvöld létu mál þessi mjög til sín taka og litu í raun svo á að hér væri um sameiginlega skyldu beggja aðila að ræða. Þetta uppeldishlutverk beindist að heilum kynslóðum og þjóðinni í heild. Í rauninni var því um *þjóðaruppeldi* að ræða.⁵⁸

4.1. Vinnukonan sem hetja eða fórnarlamb

Í sögunum er vinnukonan oft í hlutverki áhorfandans (1) eða á „hliðarlínunni“. Sem hluti heildarinnar er hún gjarnan talin með þegar greint er frá hinum ýmsu atburðum. Algengustu og veigamestu birtingarmyndir vinnukonunnar eru svo í hlutverkum (2) sem fórnarlömb og (4) sem hetjur, þau vegast nokkuð á að fjölda eru annarsvegar neikvæð (2) og hinsvegar jákvæð (4). Í fórnarlambshlutverkinu birtist ákveðið varnarleysi, vinnukonan er ekki sá sem hefur stjórn á hlutunum, þarf að láta ýmislegt yfir sig ganga eins og grimmilegar afleiðingar óvelkominnar þungunar, sem neyðir hana til óhæfuverka eða að henni er jafnvel fyrirkomið af barnsföðurnum. Það er því ekki alltaf einföld mynd, sem skapast af hversdagslegum störfum, lífið mótast líka af nánum samskiptum kynjanna. Sem hetja birtist hún sem hið skyldurækna vinnuhjú, sem fer eftir reglum, sem eru mikilvægar til þess að viðhalda jafnvægi í samfélaginu og sýnir þá oft mikla áræðni og kraft.

Vinnukonan mögla ekki, hún tekur því sem að höndum ber, ákvörðunarréttinn er hjá húsbændunum. Aðhaldið er mikið og framtíðargengi er líka háð því orðspori sem vinnan og samskiptin skapa henni. Engum er trúað fyrir jörð eða jarðarparti, sem er hirðulaus eða lætur auðveldlega freistast af glysi eða glaumi. En hún er alltaf vinnukonan, það er staða hennar hvert svo sem hlutverkið er og hvaða aðstæður eru fyrir hendi, þar til og ef eiginmaður og bújörð eru í sjónmáli.

⁵⁸ Hjalti Hugason, Kristnir trúarhættir, 282.

4.1.1. Birtingarmyndir hetjunnar

Í goðfræðisögunum finnast sagnir sem birta vinnukonur í jákvæðu hlutverki hetjunnar sem leysir sitt af hendi við erfiðar aðstæður. Sá siður að skilja vinnukonuna eina eftir heima á jólanótt, þegar allir aðrir fara til kirkju er mjög lýsandi birtingarmynd og dæmi um viðhorf til vinnukonunnar. Einhver verður að gæta bæjarins, oftast einn, enginn er til vitnis um það sem fram fer. Freistandi er að líta á slíkar sagnir sem prófraun, þar sem vinnukonur sem fá þetta hlutverk, láta iðulega lífið. Sumar sagnir sýna hvaða munur er þar á bóndadótturinni og vinnukonunni, hin fyrrnefnda virðist geta hafnað verkinu eða sóst eftir því, ef hún telur að um ábata geti verið að ræða. Áriðandi er fyrir vinnukonuna á slíkum stundum að taka réttar ákvarðanir og láta ekki glepjast af fagurgala.

Í sögnunum *Tvær jólanætur*⁵⁹ og *Álfafólkið í Loðmundarfirði*⁶⁰ segir frá vinnukonum sem eru í þessu sérstaka hlutverki á jólanótt. Þær eru líka skilgreindar sem hetjur (2) þar sem þær hegða sér samkvæmt gildum, taka enga áhættu en setjast við bóklestur, væntanlega á guðsorði og þegar huldufólk birtast taka þær börnunum í þeirra hópi vel og gefa þeim af kertunum sínum dýrmætu. Þegar karlmaður vill fá þær til fylgilags við sig, er honum hafnað. Kona út hópi huldufólksins þakkar þeim við brottför gjafmildi við börnin og lofar þær fyrir að hafna áleitni karlanna, í báðum sögnum fær vinnukonan góðar gjafir að launum. Atburðirnar tengjast helgiathöfnum en þjóðtrúin um jólagleðskap vættanna mótar frásögnina. „Setji trúarhættirnir mark sitt á allt líf fólks á virkum dögum verða þeir þó enn fyrirferðarmeiri á helgum og hátíðum...”⁶¹

Sögnin *Tröllin í potti*⁶² gengur í sömu átt. Vinnukona skilin ein eftir heima (að hausti) en hér eru það ekki álfar heldur tröll sem við er að fást, enda gerist atburðurinn nokkuð fjarri bænum, eins og þjóðtrúin gerir ráð fyrir samkvæmt tilvitnun í Júlíönu Þ. Magnúsdóttur í kafla 1.2. Vinnukonan er kynnt í byrjun sögu sem sá eini sem „fékkst” til að fara og smala fénu, sem þótti nauðsynlegt vegna veður útlits, á meðan annað fólk á bænum tekur þátt í altarisgöngu. Vinnukonan heldur þegar af stað að leita fjárins og þegar hún heyrir raddir úr kletti á beitarstaðnum, sem ræða um að grípa hana, bíður hún ekki boðanna og hraðar sér heim með féð, sem bjargast undan mikilli snjókomu um

⁵⁹ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, III, 174.

⁶⁰ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, III, 182.

⁶¹ Hjalti Hugason, *Kristinir trúarhættir*, 336.

⁶² Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, III, 233.

nóttina, sem varð helmingi sauðfénaðar í Fljótum að fjörtjóni þessa nótt. Áræði vinnukonunnar og rétt viðbrögð bjarga þarna miklum verðmætum.

Á Jökulsá er vinnukonan Guðrún einnig skilin ein eftir heima, meðan allir aðrir á bænum fara til kirkju að Desjamýri, að sumri til. Á meðan á hún að sinna bústörfum, smala, mjólka ærnar og strokka rjómann. Þegar hún lítur út að loknum verkum sér hún hóp fólks ríða hjá og tekur þá kona ein sig út úr hópnum og ríður til hennar og biður um áfir (af strokknum) að drekka. Verður vinnukonan við því en spyr konuna sem var virðuleg ásýndum en aldurnigin að heiti en fær ekki svar fyrr en í þriðja sinn. Þá nefnir konan nafn sitt og bætir við „forvitna mín”. Þrítekning er þekkt minni úr þjóðsögum en forvitni eða hnýsni telst ekki til góðra siða vinnufólks eða barna, allra síst ef virðulegt eldra fólk á í hlut. Sagan heitir *Borghildur álfkona*⁶³ og birtingarmyndin er skýr, þar sem hún undirstrikar nauðsyn þess að störfum sé sinnt, jafnvel á messutíma, gestrisni við þurfandi og virðingu fyrir aldri og hugsanlegri ættgöfgi.

Sögnin *Grettir, griðkonan og huldumaðurinn*⁶⁴ segir einnig frá áræði, sem bjargar vinnukonu frá ásókn huldumanns, sem vill giftast henni en hún hafði tekið þá áhættu að gefa útlaganum Gretti Ásmundssyni af mjólkinni á kvíabólinu. Vinnukonunni er hegnt fyrir vikið og gerð að „olnbogaskel” á bænum en þau álög fylgdu þeirri nafnbót að sá hinn sami varð að sofa í rúmbóli í bæjardyrum, var gerður brottrækur úr baðstofunni á jólanótt. Ekki þótti einleikið að viðkomandi hvarf alltaf um nóttina. Huldumaðurinn birtist nú vinnukonunni á jólanótt og ætlaði að vega að henni er honum var hafnað en í því kom Grettir að og verndaði hana (svaf í kjöltu hennar) og varð hún þess vegna engra vætta vör. Þarna kemur kvíabólið aftur við sögu sem vettvangur atburða. Boðskapur sagnarinnar virðist vera, að það eigi ekki að hygla útlaga, en að þeir sem eru gerðir útlægir (úr baðstofunni eða samfélaginu) standi saman og veiti hvor öðrum vernd. Framangreindar sagnir virðast eiga það sameiginlegt, að þeir sem standa utan helgihaldsins vegna starfa sinna eða sérstakra aðstæðna séu í sérstakri hættu, einkum ef þeir eru einir.

Í draugasögunum eru færri sögur af hetjuhlutverkinu. Sögnin *Anna á Bessastöðum*⁶⁵ segir þó frá vinnukonu sem sér fylgjur 16 sjóblautra manna koma á móti

⁶³ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*,

⁶⁴ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, III, 161.

⁶⁵ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, I, 246.

sér frá sjónum en frá staðnum réru þá 3 skipshafnir. Hún lætur formenn þeirra vita af sýninni og biður þá að róa ekki þann daginn. Þeir hlæja að því og hafa beiðni hennar að engu. Tvær skipshafnir farast en Eiríkur, sem er forneskjumaður í lund, kemst af ásamt því sem hann bjargar öðrum skipum. Vinnukonan gerði sitt til að koma í veg fyrir skipstapið og þoldi fyrir hæðnishlátur sjómannanna. Sá sem trúði á fyrirboðann var kallaður forneskjumaður í lund. „Svipir eða vofur birtast oft fyrir tíðindum eða til að koma skilaboðum á framfæri.”⁶⁶ Vinnukonan er boðberi tíðindanna en hún stendur langt fyrir neðan formennina í virðingarstiganum, hún er ekki marktæk.

Draugasagnir einkennast gjarnan af hetjulegri framgöngu vinnukonunnar, þegar þarf að fást við drauga og afturgöngur. Þekkt er sagan *Djákninn á Myrká*⁶⁷ en djákninn drukknaði í Hörgá og gengur aftur og sækir vinnukonu sem hann var í þingum við að Bægisá en henni hafði hann áður boðið til jólagleði á Myrká. Afturganga hans ríður með Guðrúnu til kirkjunnar á Myrká en þar tekst henni að sleppa, meðan djákninn fer með hestinn út fyrir garð (hafði skilið hvað hún átti í höggi við er hún sér í hnakka hans), með því að hringja í sífelli klukkustrengnum við kirkjuna. Djákninn elti hana og náði að þrifa til hennar en náði aðeins slitri af hempunni sem hún var í og steyptist með það niður í gröfina, lá ekki kyrr en var loks settur niður undir gríðarstórum steini, kveðinn þar niður með særingum. Áður hafði þurft að lesa úr saltaranum á rúmstokknum hjá Guðrúnu. Tvær sagnir *Beinagrindin og rauðklæddi maðurinn*⁶⁸ og *Beinagrind staðarvinnumannsins*⁶⁹ segja frá vinnukonum, sem sýna mikið áræði og kjark er þær fara í kirkju eftir beinagrindum, sem ekki hafði tekist að fá til að liggja kyrrar í gröfinni og verið geymdar í kirkju. Í báðum sögnum tekst vinnukonunum að leysa vandamál þeirra sem beinagrindurnar áttu og höfðu gert þeim ókleyft að liggja kyrrir í gröfinni. Þær voru samfélaginu þarfar, framganga þeirra kom á grafarró og þær njóta eftir það gæfu og önnur giftist efnilegum yngismanni sem batt enda á vinnukonuferilinn.

Sögnin *Þorraþrælsbylur í Odda*⁷⁰ greinir frá miklum atburðum á þeim bæ en þar er dugnaðarforkurinn Guðfinna vinnukona. Henni er lýst sem vel viti borinni og svo

⁶⁶ Jón Hnefill Aðalsteinsson, *Þjóðtrú*, 376.

⁶⁷ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, I, 270.

⁶⁸ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, III, 386.

⁶⁹ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, III, 357.

⁷⁰ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, I, 408.

kjarkmikilli að hún kunni ekki að hræðast og dæmi þar um er hún bælir niður lík, sem reis upp sem lifandi maður (vegna sinadráttar). Vinnukona sem með henni var hljóp hinsvegar út með óhljóðum, en Guðfinna sat ein yfir líkinu alla nóttina. Fleira er reyndar sagt frá kjarki hennar og dugnaði. Óttablandin virðing er borin fyrir líkum og segir í þessari sömu sögn einnig frá því er mjaltakonur í Odda lenda í hrakningum og ein þeirra finnst dauð og gaddfreðin næsta dag. Guðfinna tekur að sér að sitja ein yfir líki hennar í útihúsi, þar sem freðin föt hennar voru einn stokkur og komst líkið því hvergi inn um dyr, nema í reiðingsskemmu. Þetta áræddi enginn að gera nema Guðfinna. En „sending”⁷¹ hafði borist í baðstofuna nóttina áður og hafði sú sem líkið var af látið mjög illa í svefni en vildi ekki segja frá því sem fyrir hana bar í draumnum og eyddi tali um að eitthvað óhreint hefði verið á ferðinni. Þykir Guðfinna sýna mikla hugprýði að sitja alein næturlangt yfir hræðilega útleiknu líki hennar í útihúsi langt frá bænum. Þetta var lík konu sem litlu áður var farin voveiflega úr þessum heimi, í þungu skapi ef ekki haturshuga til Guðfinnu, sem sjálf fór ekki í þessa örlagaríku ferð í fjósið í manndrápsbyl.

Það er ævafor þjóðtrú, að hugmyndir um hugsanlegt framhaldslíf látinna tengist líkama hins látna. Óttinn við að dauðir gangi aftur virðist ekki hafa breyst mikið frá þeim tíma er Íslendingasögur voru ritaðar til þess tíma er þjóðsögum var safnað um miðbik 19. aldar.⁷² Þetta kann að skýra hversu mikilvægt þótti að vera óhræddur við lík og bein hins látna. Það er áberandi að oft eru það kvenmenn sem koma þar við sögu, gjarnan vinnukonur.

Meðal fyrstu verka galdraklerksins Eiríks eftir að hann hefur verið vígður að Vogsósum er að skoða máldaga kirkjunnar segir í sögninni *Dagsverkið*⁷³, en þar sér hann að ekkja ein á ógöldið dagsverk. Ekkjan sendir honum dóttur sína í vinnukonustað og tekur prestur því vel þar sem hann er vinnukonufár. Bæði vinnumenn hans og presturinn sjálfur komast að því fullkeyptu að hafa undan rakstri dótturinnar, því hún þarf að sitja öðru hvoru hvað sem þeir herða sig við sláttinn. Þarna virðast tveir galdramenn eigast við og ekkja sem hefur ekki einu sinni yfir vinnukonu að ráða, stendur uppi í hárinu á

⁷¹ Tilgangur með uppvakningum eða sendingum var ýmislegur, áður fyrr var það til að fá fregnir um ókomið en líka gátu menn sent þá mótstöðumönnum til meins. Á seinni öldum sýnist aðaltilgangur að senda þá til höfuðs öðrum og að þaðan komi nafngiftin *sending*. Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, I, 306.

⁷² Jón Hnefill Aðalsteinsson, Þjóðtrú, 367.

⁷³ Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, III, 500.

prestinum. Líklega hefur nýi presturinn ekki þekkt til kunnáttu ekkjunnar, sem lætur dóttur sína glettast við hann. – Um séra Eirík í Vogsósum er margar sögur og eru þær bestu úr sveit hans Selvogi. Hann var forn í skapi og fjölkunnugur, engum gerði hann illt með kunnáttu sinni en smáglettin var hann, helst ef á hann var leitað að fyrra bragði.⁷⁴

Sögnin *Páll skáldi*⁷⁵ greinir einnig frá göldrum eða álögum prests. Páll skáldi þykir oft fá því til leiðar komið sem honum þykir henta hverju sinni, enda talinn kraftaskáld. Það rættist sem hann sagði fyrir um, að vinnukona ein sem var bæði félaus og munaðarlaus, auk þess sem hún hafði eignast barn með giftum manni, *skyldi eignast ríkan mann, búmann mikinn sem leitaði eftir góðu kvonfangi*. Engum þótti líklegt, að þessi ótrúlega spá Páls rættist. Þetta gekk samt eftir og vegna gjafirðsins varð vinnukonan eftir dauða eiginmannsins einhver hin ríkasta kona í sveitinni.

Galdur er andstaða trúar. Trúmaðurinn lýtur hinu yfirnáttúrulega og beygir sig undir vald þess og vilja en galdramaðurinn reynir á hinn bóginn að ná tangarhaldi á hinu yfirnáttúrulega og beygja það undir vilja sinn og hagnýta í eigin þágu.⁷⁶ Vinnukonur eru leiksoppar í slíkum átökum, þær fást ekki við galdur og ráða yfirleitt ekki yfir neinni slíkri þekkingu.

4.1.2. Birtingarmyndir fórnarlamba

Palmenfelt segir fórnarlambið (2) stundum vera saklausa persónu, sem verður fyrir árás illra afla en fórnarlambið (2) getur líka verið að taka út réttláta refsingu fyrir að hafa brotið lögin eða viðmið samfélagsins.⁷⁷ Í íslensku sögnunum fá vinnukonurnar þá refsingu, sem samfélaginu finnst þær eiga skilið og vera réttmætar. Boðskapurinn birtist í ólíkum myndum en alltaf má skynja þar bak við gildi, siði og hefðir samfélagsins. Í bændasamfélaginu var farið sparlega með hrós og viðurkenningar, þar sem ekki mátti ýta undir að fólk miklaði sig á einhvern hátt, auðmýktin var fyrir öllu, enda boðuð af kirkjunni. „Trúmaðurinn lýtur hinu yfirnáttúrulega, beygir sig undir vald þess og vilja,

⁷⁴ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, I, 543.

⁷⁵ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, III, 481.

⁷⁶ Jón Hnefill Aðalsteinsson, *Þjóðtrú*, 379.

⁷⁷ Palmenfelt, *On the Understanding of Folk Legends*, 145.

dýrkar það og tilbiður í þeirri von að óræðum máttarvöldunum þóknist að umbuna gjafir, fórnir og auðmjúkan hug.”⁷⁸

Goðfræðisagnirnar *Álfaskartið*⁷⁹ og *Gersemarnar í Hvammi*⁸⁰ eru gott dæmi um hvernig sagnir um „glópagull” bera með sér boðskapinn. Annarsvegar vegar verða glóandi gersemar á vegi vinnukonu sem kemur úr smalamennsku. Hún nær að taka tvo hnappa en þá heyrir hún kallað (sem ekkert var) og allar gersemarnar eru horfnar þegar hún ætlar að grípa meira. Í annarri sögn hefur barn vinnukonu náð í gylltan hnapp, sem það sá á þvotti í lág einni. Þegar inn er komið birtist bláklædd kona, að sækja það sem barnið hafði tekið og hafði í hótunum ef því væri ekki skilað. Hún heimti aftur hnappinn sem barnið hafði í lófanum.

Aðrar goðfræðisögur sýna vinnukonur sem verða fyrir árás af vættum, einmitt þegar verkefni þeirra ganga illa eða eru ógerð, þær ráða ekki alltof vel við verkefni og flýja auk þess af hólmi, þegar að þeim er sótt. Þar er engan hetjuskap að finna. Í sögninni *Þórdís*⁸¹ hélst vinnukonan ekki við í bænum á jólanótt, hafði ekki lokið verkunum þegar hún flýði í skemmu en var treg til frásagnar um hvað við hefði borið en kvartaði um verk. Hin hafði samkvæmt sögninni *Óvætturinn sem ásótti konuna*⁸² heyrt mikil óhljóð eftir að loks kom líf í eldinn hjá henni. Þegar eldhúsið fór að skjálfa flýði hún af hólmi og mátti eftir það aldrei vera ein er halla tók degi. Í sögninni *Barnsbrókin*⁸³ hafði vinnukonunni á Hvoli orðið á taka barnsbrók, sem tilheyrði vættum með þvottinum er hún „sveiflaði” honum saman í flýti af kletti, þar sem hann var til þerris. Kona kemur til hennar í draumi og segist verða barin ef hún skili ekki flíkinni, sem vinnukonan gerði þegar. Sömu skilaboð í báðum heimum, hirðuleysi eða fljótfærni líðst ekki. Á Minnibrekku tók kona sem þar bjó að sér að fóðra kú fyrir huldukonu og átti hún ekki að skipta sér neitt af burði eða mjöltum. Vinnukona á bænum var hnýsin og forvitnaðist um burðinn, fór í fjósið en þegar hún lýkur upp dyrunum, fær hún hildirnar á nasir sér og snýr þegar til baka. Sagan

⁷⁸ Jón Hnefill Aðalsteinsson, *Þjóðtrú*, 379.

⁷⁹ Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, III, 178.

⁸⁰ Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, III, 15.

⁸¹ Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, III, 105.

⁸² Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, III, 238.

⁸³ Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, III, 24.

sem heitir *Fóðruð kýr fyrir huldufólk*⁸⁴ birtir viðhorf til vinnukonu, sem stígur út fyrir mörkin er rekagátt.

Í draugasögum eru sagnir af fórnarlömbum tíðar. Þegar draugar eru annars vegar verða vinnukonur gæta að sér og virða hefðina. *Geirmundarstaðadraugurinn*⁸⁵ var þekktur að allskonar óskunda, lét ekki einu sinni prestinn í friði. Oddný vinnukona á Skarði sýndi af sér þann oflátungshátt að segjast ekki hræðast vofu þessa og efaðist jafnvel um tilveru hennar. Draugurinn birtist þá nótt eina við rúm Oddnýjar og þrífur af henni rúmfötin og ranghvolfir augum. Verður henni bilt við og þorir ekki að æmta né skræmta. Vinnukona gerir þarna lítið úr því sem talið er alvörumál og hafði meira að segja varðað prestinn. Sögnin sýnir að það er ekki á færi vinnukonu að sýna slíkt mikillæti.

Boðskapur sagnarinnar þekktu *Móðir mín í kví, kví*,⁸⁶ er harmþrunginn en er til vitnis um harm margrar vinnukonunnar. Ægileg hegning er slíkri konu búin, þegar hún heyrir rödd barnsins sem hún hefur borið út, hæðast að klæðleysi hennar en harðar skriftir, sektir eða líflát voru það sem samfélagið bauð henni. Fjallað var í kafla 2.1. um að framhjáald bænda með vinnukonum hafi verið viðtekinn siður.

„Talandi dæmi um örvæntingu mæðra eru dulsmál eða útburður barna. Réttáð var í níttján slíkum málum á fyrri hluta og tólf á síðari hluta 19. aldar svo heyra mátti útburðarvæl í sveitum. Mæðurnar voru allar fæddar fátæku fólki, og sumar þekktu hámarksvesöld samfélagsins og höfðu verið á sveit alla barnæskuna. Umsnúin móðurhvöt, sem fólst í því að vilja ekki leggja þjáningar lífsins á barnið, bættist ofan á óttann við meiri útskúfun og áhyggjur af eigin hag.“⁸⁷ Það voru einkum varnarlausar vinnukonur sem lentu í því að eignast börn með kvæntum mönnum eða voru í þeirri aumu stöðu að mega ekki fátækta vegna giftast barnsfeðrum sínum.⁸⁸

*Draugssonur verður prestur*⁸⁹ segir frá þungun af völdum draugs. Vinnumaður sem fékk ekki notið vinnukonu í lifandi lífi, gengur aftur og barnar hana og segir bóndanum á bænum sem reynir að koma honum aftur niður, að barnið verði prestur og

⁸⁴ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, III, 26.

⁸⁵ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, III, 406.

⁸⁶ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, I, 217.

⁸⁷ Þórunn Valdimarsdóttir, *Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar*, 178.

⁸⁸ Þórunn Valdimarsdóttir, *Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar*, 120.

⁸⁹ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, III, 354.

Þegar hann messi á staðnum í fyrsta sinn verði að drepa hann annars sökku kirkjan með öllu fólkinu. Það tekst og varð ekki frammar vart við drauginn. Vinnukonunni hefnist grimmilega fyrir höfnunina. Vinnukona á prestssetri kemst að því dýrkeyptu að grínast með að hún hefði viljað kyssa þennan, er ákaflega stór lærleggur kom upp úr gröf í kirkjugarðinum þar á staðnum. Þegar vinnukonan var send í kirkju eftir bók um kvöldið er myrkt var orðið og vildi ganga út, situr fyrir henni í krókbekk ógurlega stór karlmaður og kveður til hennar vísu sem hafði upphafið *Horfinn er fagur farfi*⁹⁰ og lýkur kvæðinu á boði um hún kyssi hann. Gáleysistali er illa tekið og vinnukonan fær sína lexíu.

Meirihluti galdrasagna í safni Jóns Árnasonar segir frá einstökum galdramönnum og fóru vinnukonur ekki varhluta af afskiptum þeirra. Frægastur þeirra mun Sæmundur, sem var prestur í Odda á Rangárvöllum á 12. öld, látinn 1133. Sagnir af honum sem sagðar eru um miðbik 19. aldar eru því færðar til í tíma. Til dæmis á Danakonungur, sem fór ekki með yfirráð á Íslandi fyrr en 1262 að veita honum Odda. En Sæmundur komst fyrstur heim með kölska í selslíki nærri 200 árum fyrr. Sestur að í Odda leikur Sæmundur oftsinnis á kölska og hefur hann í ýmsum verkum, kölski semur við heimilisfólk hans en lýtur alltaf í lægra haldi. Kölski er á ferðinni í sögninni *Kaup kölska við vefjarkonuna*⁹¹. Vinnukona í Odda sem óf oftast allt sem þar var ofið, fær tilboð frá kölska um matarskammt á hverju kvöldi en hún hafði viðurkennt fyrir honum að þröngt gæti verið um mat á staðnum. Í staðinn á hún að hætta að biðja fyrir Sæmundi. Þetta gekk lengi vetrar. Sæmundur lét það þó ekki líðast endalaust og hnerrar svo ákaflega við hlið vinnukonunnar, að hún stenst ekki mátið og biður guð að hjálpa honum. Þar með lauk matargjöfum kölska.

Allmargar sagnir fjalla líka um Galdra-Loft sem var skólapiltur á Hólum. Hann tók vinnukonu og lagði við hana beisli og reið henni í gandreið heiman og heim er hann fór til foreldra sinna um jólin. Vinnukonan lá lengi eftir í sárum og þreytu en gat ekki sagt frá meðan Loftur lifði. Öðru sinni barnaði hann vinnukonu og drap hana með gjörningum. Lét hana ganga inn í moldarvegg, sem luktist eftir henni. Þegar veggurinn var rifinn löngu seinna, fannst beinagrindin með ófullburða barnsbein í holinu. Þessar frásagnir eru í sögninni *Galdra-Loftur*⁹².

⁹⁰ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, I, 233.

⁹¹ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, I, 482.

⁹² Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, I, 572.

Birtingamyndir sagnanna um vinnukonur sem fórnarlömb falla að greiningu Palmenfelts. Saklaus er í raun vinnukonan sem fær seint líf í eldinn er hún verður fyrir árás vætta og saklausar eru vinnukonurnar sem verða fórnarlömb Galdra-Lofts. Aðrar sagnir greina frá fórnarlömbum sem taka út „réttláta“ refsingu, hafa brotið lög eða viðmið samfélagsins.

Þegar litið er yfir sagnirnar sem hafa verið teknar til umfjöllunar er ljóst, að ekki er hægt að draga miklar ályktanir eða líta svo á að hér birtist heildarmynd af lífi vinnukvenna á Íslandi á 19. öld. Það er þó jafn ljóst, að í þeim má greina sterkan þráð sem tengir þær við íslenskt bændasamfélag þessa tíma. Sögnunum er safnað eftir 1860 og margt vísar raunar einnig til fyrri tíma. Sagnirnar eru óumdeilanlega til marks um lífsskilning 19. aldar og birtist það ekki síst í því vægi sem trúarhættir höfðu á þessum tíma.

En stöðugleiki trúarháltanna fyrr á tímum fer saman við hægfara þróun bændasamfélagsins, segir Hjalti Hugason og allt sem að kristninni laut, svo sem trúarhugsun, kenning, trúarlíf og trúarvenjur gegndi mikilvægu félagslegu hlutverki. Trúin var í raun eitt af áhrifamestu meðölum eða tækjum yfirvalda til að viðhalda einingu samfélagsins og jafnvægi. Sú boðun yfirvaldanna náði því einnig til heimilisins.⁹³ Sagnirnar bera þess sterk merki að hegðun og framgangur vinnukonunnar átti að falla að þessari boðun. Þetta birtist þannig að hetjuhlutverkið, sýnir hana í jákvæðu ljósi sem dugandi, fórnfúsa og guðhrædda en fórnarlambið hinu neikvæða. Þar sem hún neyðist til að beygja sig fyrir örlögnum, tekst ekki að rétta hlut sinn, þó sakirnar séu ekki alltaf miklar.

Sagnirnar fjalla oftast um einstaklinga en eins og áður hefur verið dregið á, þá segir Ulf Palmenfelt þær vera bæði almennar og einstaklingsbundnar.⁹⁴ Það er því hægt að finna samsvörum milli sagnanna og þess samfélags sem fjallað er um. Þessi kenning hefur verið kjarninn í öllu verkefninu og þess vegna er hér litið svo á, að þrátt fyrir að ekki sé fyrir hendi nánari upplýsingar tengdar sögnunum þá megi líta svo á, að vinnukonur hafi verið mikilvægur vinnukraftur. Þær voru undir miklum og ströngum aga, sem fyrst og fremst var mótaður af trúarhugmyndum, sem birtust oft í þjóðtrúnni,

⁹³ Hjalti Hugason, Kristnir trúarhættir, 331.

⁹⁴ Ulf Palmenfelt, On the Understanding of Folk Legends, 157.

samhliða kenningum kirkjunnar. Vinnukonur lúta því áliti tíðarandans að vera lægra settar en karlar launalega og eru í enn ríkara mæli í þjónustuhlutverki en þeir. Afleiðingar kynlífs utan hjónabands setur þær iðulega í erfiða stöðu, þegar þær standa einar uppi með barn, sem þær geta ekki séð fyrir. Það má þó líta svo á að nokkrar breytingar hafi orðið á 19. öldinni, vegna áhrifa upplýsingarinnar og jafnvel vinnukonur láta efast eða ögra og hafna körlum, sem þær vilja ekki eiga samleið með.

Lokaorð

Þjóðsögur í safni Jóns Árnasonar, sem fjalla um vinnukonur eru ekki til þess fallnar að skapa niðurstöður sem hægt er að setja í fastan ramma. Þær sagnir sem hér var fjallað um eru margvíslegar og tilheyra þremur ólíkum flokkum. Þessi margbreytileiki gerir kröfu til skynjunar og hugrenningatengsla fremur en þær geti gefið einhverjar harðar niðurstöður. Hér hefur verið gerð grein fyrir þeim forsendum, sem þarf að hafa í huga til þess að gera þessi tengsl sýnileg og jafnframt skiljanleg. Það hefur verið gert með því að segja frá aðdraganda þess að þessum fróðleik var safnað á sínum tíma og hvernig það var gert. Drepið var á viðhorf til þjóðsagna Jóns Árnasonar á ýmsum tímum og velt fyrir sér fræðilegu gildi þess til úrvinnslu. Í framhaldi af því var gerð nokkur grein fyrir viðurkenndum fræðilegum niðurstöðum og kenningum, sem varða munnlegan sagnaarf frá þessum tíma og reynt að setja það í samhengi við íslenskar sagnir.

Til þess að gera sagnirnar skiljanlegri er bakgrunnur þeirra, íslenska samfélagið á 19. öld, skilgreint og reynt að draga fram þá þætti sem skipta máli þegar fjallað er um ákveðinn hóp fólks frá þessum fjarlægum tíma. Í ljósi þessarar undirbúningsvinnu er greiningaraðferð Ulf Palmenfelt notuð til að draga fram þá mynd sem sagnirnar birta og hlutverkin sem aðferðin gerir ráð fyrir, skilgreind og flokkuð. Þessari mynd er ætlað að svara spurningunni um birtingarmynd vinnukonunnar í sögnunum. Að lokinni þessari flokkun er litið svo á að birting athafna þeirra og viðbragða við þeim, sem hetjur og fórnarlömb veiti bestu sýnina á líf vinnukonunnar og viðhorf samfélagsins. Þessar birtingarmyndir eru svo teknar til nánari skoðunar í lokakaflanum og leitast við að sýna fram á hvernig þær falla að þeim fræðilega bakgrunni, sem fjallað hefur verið um en einnig hvort hún sé raunsönn speglun á því lífi sem vinnukonur lifðu og tekið er til skoðunar í kafla 2. En hann fjallar um samfélag 19. aldar á Íslandi, þegar um eða yfir 80% þjóðarinnar bjó í dreifbýli og lifði aðallega af kvikfjárrækt.

Það er ljóst að hér er ekki um neina heildarmynd, af lífi og hugmyndum 19. aldarinnar á Íslandi að ræða en það dylst ekki að margskonar vísbendingar eru um það líf sem þá var lifað. Þær hugmyndir sem bjuggu með þjóðinni á þessum tíma eru alltaf nálægar í sögnunum. Vinnan og þær miklu kröfur sem gerðar voru á því sviði birtast í

fjölmörgum sögnum en eru ekki endilega færðar í orð. Það er ekki verið að lýsa daglegum störfum, heldur því frábrugðna og hvernig við var brugðist. Óvanalegt er að vinnukonur bregðist við vinnuhörkunni, eins og vinnukonan sem reyndi að semja við kölska til að létta sér erfiðið gerði. Þær rétta líka hlut sinn líkt og dóttir ekkjunnar, sem tók að sér vinnukonustarf hjá Eiríki í Vogsósum⁹⁵ og tókst með aðstoð galdra móður sinnar að kenna ágengum presti lexíu. Vinnukonurnar gengu annars langt í að verða við kröfunum, enda skammt í viðurlög. Hverskonar hroki eða mikillæti er barið niður. Það sýnir sögnin um vinnukonuna sem taldi sig ekki óttast draug⁹⁶ og gerði lítið úr því, að hann væri yfirleitt til. Þetta gildi einnig um vinnukonurnar sem ögruðu Latínu-Bjarna⁹⁷ og var í framhaldi af því sýnt í tvo heimana. Á hinn bóginn eru sagnirnar sem sýna hið æskilega og góða. Sagnir um vinnukonur sem sinna sínum störfum og láta ekki freistast af gylliboðum eða gleðskap. Þær ástunda vinnusemi, árvekni, hlýðni og lítillæti og bera vitni þeim gildum, sem talin eru æskileg og viðhalda jafnvægi í samfélaginu.

Sagnir fjalla um þann hluta menningarinnar sem þjóðfræðin hefur sem sitt megin viðfangsefni en það er hversdagsmenningin. Sagnir í íslenskum þjóðsögum eru nær óþrjótandi sjóður og þrátt fyrir að vinnukonur séu horfin stétt, þá er frásögn af lífi þeirra til þess fallin að auka skilning á liðnum tíma um leið og sérhvert brot af horfnum hugmyndaheimi er framlag til skilnings á nútímanum.

⁹⁵ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, III, 500.

⁹⁶ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, III, 406.

⁹⁷ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, I, 276.

Heimildaskrá

- Alver, Brynjulf. Historical Legends and Historical Truth. Í *Nordic Folklore: Recent Studies*. Ritstj. Reimund Kvideland og Henning K. Sehmsdorf í samvinnu við Elizabeth Simpson. Þýð. Dan Ben-Amos. Blomington og Indianapolis: Indiana University Press, 1989. 137-149.
- Árni Daníel Júlíusson. *Landbúnaðarsaga Íslands: Bændur og nútími. Sveitasamfélagið á 19. og 20. öld*. 2. bindi. Reykjavík: Skrudda ehf., 2013.
- Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Fyrirlestur um hagi og réttindi kvenna. Í *Kúgun kvenna/John Stuart Mill*. Ritstj. Vilhjálmur Árnason og Ólafur Páll Jónsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2003. 331.367.
- Dégh, Linda. *Folktales and Society: story-telling in a Hungarian Peasant community*. Blomington: Indiana University Press, 1989.
- Dégh, Linda. *Legend and Belief : Dialectics of a Folklore Genre*. Blomington og Indianapolis: Indiana University Press, 2001.
- Einar Ólafur Sveinsson. *Um íslenskar þjóðsögur*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1940.
- Guðmundur Hálfðánarson. Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld. Í *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990: ritgerðir*. Ritstj. Guðmundur Hálfðánarson og Svanur Kristjánsson. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1993. 9-58.
- Gunnar Halldórsson. Byggðastefna bændasamfélagsins. *Sagnir: Tímarit um söguleg efni*, 20. árg, 1999, 12-17.
- Gunnell, Terry. Innrás hinna utanaðkomandi dauðu: Sagnir um sjórekin lík á Íslandi. Í *Ráðstefnurit: Fylgirit Múlapings 33*. Flutt á Sjöundu landsbyggðarráðstefnu Sagnfræðingafélags Íslands og Félags þjóðfræðinga á Íslandi. Haldin á Eiðum 3. – 5. júní 2005. Egilsstaðir: Héraðsnefnd Múlasýslna og Sagnfræðingafélag Íslands, 2006. 47-54.
- Gunnell, Terry. Introduction. Í *Legends and Landscape*. Ritstj. Terry Gunnell. Reykjavík: Oddi, 2008. 13-24.
- Gunnell, Terry. Heima á milli: Þjóðtrú og þjóðsagnir á Íslandi í upphafi 21. aldar. Í *Rannsóknir í félagsvísindum*. X. Erindi flutt á ráðstefnu 2009. Ritstj. Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2009. 899-907.

- HjalTI Hugason. Kristnir trúarhættir. Í *Trúarhættir: Norræn trú, kristni, þjóðtrú*. Ritstj. Frosti F. Jóhannsson. Íslensk þjóðmenning 5. Reykjavík: Þjóðsaga, 1988. 75-339.
- Jón Hnefill Aðalsteinsson. *Þjóðtrú og þjóðfræði*. Reykjavík: Iðunn, 1985.
- Jón Hnefill Aðalsteinsson. Þjóðtrú. Í *Trúarhættir: Norræn trú, kristni, þjóðtrú*. Ritstj. Frosti F. Jóhannsson. Íslensk þjóðmenning 5. Reykjavík: Þjóðsaga, 1988. 341-400.
- Jón Árnason. *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, 3. bindi. (Nýtt safn). Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útg. Reykjavík: Þjóðsaga, 1957.
- Jón Árnason. *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, 1. bindi. (Ný útgáfa). Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útg. Reykjavík: Þjóðsaga, 1961.
- Júlíana Þ. Magnúsdóttir. Huldur víddir heimabólisins: Um rými og dulrænar reynslusagnir kvenna í íslenska bændasamfélaginu. Í *Rannsóknir í félagsvísindum*. XIII. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2012. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2012. 1-8.
- Oslund, Karen. *Iceland Imagined. Nature: Culture, and Storytelling in the North Atlantic*. Seattle/London: University of Washington Press, 2011.
- Ólína Þorvarðadóttir. Þjóðsögur Jóns Árnasonar: Tilraun til heimildarýni. Í *Þjóðlíf og þjóðtrú. Ritgerðir helgaðar Jóni Hnefli Aðalsteinssyni*. Ritstj. Jón Jónsson, Terry Gunnell, Valdimar Tr. Hafstein og Ögmundur Helgason. Reykjavík: Þjóðsaga, 1998. 245-269.
- Palmenfelt, Ulf. On the Understanding of Folk Legends. Í *Telling Reality. Folk Studies in Memory of Bengt Holbek*. Ritstj. Michael Chesnutt. Turku: Nordic Institute of Folklore. 1993. 143-166.
- Pons, Christopher. Gegn þjóðtrú. *Skírnir*, 172, 1998. 143-163.
- Propp, Vladimir. *Morphology of the Folktale*. Austin: University of Texas Press, 1968.
- Sigurður Nordal. *Þjóðsagnabókin: Sýnisbók íslenzkra þjóðsagnasafna*. Sigurður Nordal tók saman. 1. bindi. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1971.
- Tangerherlini, Timothy R. *Interpreting legend: Danish storytellers and their repertoires*. New York: Garland, 1994.
- Valdimar Tr. Hafstein. Respekt fyrir steinum: Álfatrú og náttúrusýn. Í *Rannsóknir í félagsvísindum*. II. Ritstj. Friðrik H. Jónsson. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 1997. 327-336.
- Þorsteinn M. Jónsson. *Gríma hin nýja: Safn þjóðlegra fræða íslenzkra*. 1. bindi. Reykjavík: Þjóðsaga, 1964.
- Þórunn Valdirmarsdóttir. Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar. Í *Til móts við nútímann: Kristni á Íslandi*, IV. Ritstj. HjalTI Hugason. Reykjavík: Alþingi 2000, 2000. 11-195.

Viðauki

Goðfræði-, drauga- og galdrasögur úr þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar, sem notaðar voru í ritgerðinni. Hlutverk vinnukonunnar eru tilgreind í hverri sögn en nánari skilgreining á þeim er í kafla 3.2.

Flokkur sagna	Bls.	Bindi	Heiti sagnar	Hlutverk	
Goðfræðisögur	9	I	Borghildur álfkona	hetja	
	39	I	Hjúin á Aðalbóli	fórnarlamb	
	114	I	Jólanóttin	hetja	
	172	I	Gilitrutt	orsakavaldur	
	15	III	Gersemarnar í Hvammi	fórnarlamb	
	23	III	Álfarnir í Snartartungu	áhorfandi	
	24	III	Barnsbrókin	fórnarlamb	
	26	III	Fóðrun kýr fyrir huldufólk	fórnarlamb	
	47	III	Sálmasöngur huldufólks	áhorfandi	
	55	III	Vinnukonan á Sauðanesi	hetja	
	64	III	Jón smali og huldufólkið	milligöngumenn	
	71	III	Ég er ánægð, ég hef mitt	fórnarlamb	
	80	III	Sigurlaug litla á Reykjahóli	fórnarlamb	
	105	III	Þórdís þrjózka	fórnarlamb	
	124	III	Jónas á Melstað	áhorfandi	
	161	III	Grettir, griðkonan og huldumaðurinn	hetja	
	174	III	Tvær jólanætur	hetja	
	178	III	Álfaskartið	fórnarlamb	
	182	III	Álfafólkið í Loðmundarfirði	hetja	
	186	III	Vakandi manns draumur	áhorfandi	
	233	III	Tröllin í Potti	hetja	
	238	III	Óvætturinn sem ásótti konuna	fórnarlamb	
	253	III	Sagan af Móðari í Móðarsfelli	áhorfandi	
	264	III	Hákarlamenn frá Djúpavogi	áhorfandi	
	Draugasögur	217	I	Móðir mín í kví, kví	fórnarlamb
		221	I	Reynistaðabræður	áhorfandi
230		I	Mannsrifið	orsakavaldur	
233		I	Horfinn er fagur farvi	fórnarlamb	
252		I	Gleðra	orsakavaldur	
276		I	Feykishóladraugurinn	milligöngumaður	
277		I	Héðinsfjarðarvofan	fórnarlamb	
291		I	Konan með rauðu húfuna	milligöngumaður	
292		I	Beinagrindin í Hólakirkju	milligöngumaður	
346		I	Anna á Bessastöðum	hetja	
352		I	Gárún, Gárún, grátt er mér um hnakka	hetja	
364		I	Írafellsmóri	fórnarlamb	
313		III	Vel gjörðir þú	hetja	
354		III	Draugssonur verður prestur	fórnarlamb	
357		III	Beinagrind staðarvinnumannsins	milligöngumaður	

	359	III	Beinagrindin á Hólum	milligöngumaður
	360	III	Sigurlaug og Herdís	fórnarlamb
	363	III	Runkhúsa-Gunna	orsakavaldur
	366	III	Tungudraugurinn	áhorfandi
	386	III	Beinagrindi og rauðklæddi maðurinn	hetja
	394	III	Tvískerjadraugurinn	áhorfandi
	406	III	Geirmundarstaðadraugurinn	fórnarlamb
	410	III	Jón dúkur og vofurnar	orsakavaldur
Galdrasögur	408	I	Þorraprælsbylur í Odda	hetja
	469	I	Latínu-Bjarni	fórnarlamb
	470	I	Vatnsburður kölska	fórnarlamb
	482	I	Kaup kölska við vefjarkonuna	fórnarlamb
	484	I	Óskastundin	fórnarlamb
	485	I	Sæmundur fer til gleði á nýársnótt	áhorfandi
	537	I	Glettur smádrauga	fórnarlamb
	572	I	Galdra-Loftur	fórnarlamb
	445	III	Feigðardraumur	fórnarlamb
	466	III	Krákur vinnumaður	áhorfandi
	479	III	Páll skáldi	hetja
	500	III	Dagsverkir	hetja
	542	III	Griðkonan	fórnarlamb
	583	III	Frá Ingibjörgu systur Þorleifs	áhorfandi
	591	III	Björn Jónsson í Haga	orsakavaldur